

Akureyri er hin borgin

Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri á Akureyri

Kjarasamningar á tímum
Covid-19

Fjármálaráðstefna
sveitarfélaga án fordæma

Jarðamál í brennidepli



MÖGULEGT SMIT?

Finnur þú fyrir eftirfarandi einkennum?

Einkenni COVID-19 sýkingar eru ekki alltaf þau sömu, en minna á venjulega flensu

- ▶ hiti
- ▶ hálssærindi
- ▶ hósti
- ▶ slappleiki
- ▶ bein- og vöðvaverkir
- ▶ skyndileg breyting eða tap á bragð- og lyktarskyni



Ef þig grunar að þú sért með smit:

- ▶ Haltu þig heima
- ▶ Hafðu samband í síma við heilsugæsluna þína, í gegnum netspjall á heilsuvera.is eða Læknavaktina í síma 1700.
- ▶ Heilbrigðisstarfsfólk ráðleggur þér um næstu skref.

Grunar þig að einhver í þínu nærumhverfi sé smitaður/smituð?

- ▶ Gættu þess að eiga ekki í nánú samneyti við viðkomandi.
- ▶ Ráðlegðu viðkomandi að hafa samband við heilsugæsluna, netspjall Heilsuveru eða 1700 til að ræða einkenni sín og fá ráð um hvernig best er að bregðast við.

Við setjum nýjan svip á innheimtu

Fjöldi
sveitarfélaga
nýtir sér þjónustu
Inkasso

Góður
árangur í
innheimtu

SVEITARFÉLÖG

Inkasso sérhæfir sig í þjónustu við sveitarfélög með það að markmiði að lækka álögur á íbúa.

- Minni kostnaður vegna vanskila fyrir fyrirtæki og íbúa í sveitarfélaginu.
- Meiri sveigjanleiki fyrir greiðendur.
- Liprari stjórn krafna í innheimtu fyrir starfsmenn sveitarfélagsins.
- Engin gjöld vegna niðurfellinga, skráninga eða afturkallana.



INKASSO

Útgefandi:

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, 5. hæð
105 Reykjavík
Sími: 515 4900
samband@samband.is
www.samband.is
ISSN-0255-8459

Ritstjóri:

Valur Rafn Halldórsson (ábm.)
valur@samband.is

Ritstjórn:

Valur Rafn Halldórsson
Ingibjörg Hinriksdóttir

Blaðamaður:

Garðar H. Guðjónsson
gaji@mmedia.is

Auglýsingar:

Samband íslenskra sveitarfélaga

Umbrot:

Ingibjörg Hinriksdóttir

Prentun:

Oddi

Dreifing:

Pósturinn

Tímaritið Sveitarstjórnarmál kemur út 2-3 sinnum á ári. Áskriftin kostar 4.000 krónur.

Gengið er frá áskrift í síma 515 4900 eða á netfangið samband@samband.is

Forystugrein

5 Við erum öll í sama bátnum!

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

12 Jarðamál í brennidepli

Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs skrifar um eignarhald bújarða.

Akureyrarbær

22 Akureyri er hin borgin

Garðar H. Guðjónsson ræðir við Ásthildi Sturludóttur, bæjarstjóra Akureyrarbæjar, um stöðu sveitarfélagsins gagnvart höfuðborginni og ríkinu, áhrifin af veirufaraldrinum o. fl.

30 Fjármálaráðstefna án fordæma

Sigurður Á. Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs, segir frá skipulagi fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem fer fram á netinu á fordæmalausum tímum.

38 Samstarf sveitarfélaga á Íslandi – byggða-samlög

Ragnar Ágúst Róbertsson, hagfræðinemi við Háskóla Íslands, skrifar um byggðasamlög og umfang samstarfs sveitarfélaga á Íslandi.

Forsíðumynd:

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, prýðir forsíðu Sveitarstjórnarmála að þessu sinni.



Við erum öll í sama bátinum!

Aldís Hafsteinsdóttir
formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fjöldi sveitarfélaga stendur nú frammi fyrir mikilli tekjuskerðingu og auknum kostnaði. Sveitarfélögin veita íbúum mikilvæga grunnþjónustu sem gerir þessa stöðu grafalvarlega. Við stöndum mörg frammi fyrir taprekstri af áður óþekktri stærð. Það er ljóst að einhæfir og of litlir tekjustofnar sveitarfélaga dugðu ekki fyrir rekstri og nauðsynlegum fjárfestingum áður en Covid kom til sögunnar. Þessir sömu tekjustofnar eru langt frá því að geta staðið undir þeim kröfum sem íbúar ætlast til að sveitarfélög veiti. En þetta eru ekki bara kröfur íbúa heldur höfum við upplifað nær óstöðvandi flaum laga og reglugerða sem án nokkurs vilja til að bæta sveitarfélögum kostnað sem af þeim hlýst er, af Alþingi og ráðherrum, dengt yfir sveitarstjórnarstigið án þess að hugsað sé til framtíðar hvort og/eða hvernig hægt sé að greiða fyrir hlutina.

Við getum öll verið sammála um að oft er um að ræða þörf og góð mál en hvernig ætlum við að greiða fyrir þetta allt saman? Hefði eitthvað af þessu getað beðið? Getum við undið ofan af einhverju af þessu núna? Oft hefði verið mikilvægt að velja þessu upp en núna er það nauðsyn.

Yfirleitt snúast flest mál og verkefni daganna um samskipti. Flest er hægt að leysa ef góð samskipti eru milli manna. Samskipti ríkis og sveitarfélaga eiga að vera nán, byggð á gagnkvæmu trausti og skilningi á stöðu hvors aðila fyrir sig. Við eigum í flestu að vera sammála og við eigum að geta rætt okkur til niðurstöðu um fjárveitingar, forsendur og þau ágreiningsefni sem upp koma. Það er allavega minn vilji og almennt sveitarstjórnarmanna að orð séu til alls fyrst.

Þrátt fyrir fjölmarga fundi með ráðamönnum bíðum við enn eftir svári frá ríkisstjórninni við þeirri einföldu spurningu hvort að ríkið ætli að standa með sveitarfélögum og aðstoða þau sem verst eru sett og grípa til almennra aðgerða gagnvart þeim málaflokkum sem verst eru að verða úti og þar sem mestur kostnaður fellur til? Framlög til jöfnunarsjóðs eru einnig nauðsynleg til að minnka þá miklu skerðingu sem þar verður staðreynd að öðrum kosti.

Ef engin svör og viðbrögð fást frá ríkisstjórn við þessum atriðum stöndum við frammi fyrir því að sú viðspyrna í samfélaginu sem sveitarfélögin þurfa að geta veitt verður ekki til staðar. Fjárfestingar sveitarfélaga gætu minnkað verulega og niðurskurður þjónustu orðið sár með tilheyrandi vöndum afleiðingum fyrir atvinnustig og umsvif.

Verkefni sveitarfélaga sem fram undan eru eru krefjandi. Hið sama blasir við sveitarfélögum annars staðar á Norðurlöndum. Þar hafa sveitarfélögin nokkra vissu fyrir því að viðkomandi ríki standi með sveitarfélögunum og ríkisframlög standi að verulegum hluta undir hvoru tveggja tekjumissi og útgjaldaauka sveitarfélaganna. Við óskum einungis eftir því sama. Að við séum öll um borð í sama bátinum þegar á bjátar.

Kjarasamningar á tímum Covid-19



Inga Rún Ólafsdóttir
sviðsstjóri kjarasviðs Sambands íslenskra
sveitarfélaga

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur nú lokið gerð kjarasamninga við 58 af 61 viðsemjendum sambandsins. Kjaraviðræður eru enn í gangi við við Félag grunnskólakennara, Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Samningar sem gerðir hafa verið hafa fylgt þeim línnum sem lagðar voru í

Lífskjarasamningnum sem gildir á almennum vinnumarkaði.

Covid-19 breytti fundarforminu

Framan af fóru kjaraviðræðurnar fram með hefðbundnum hætti en um miðjan mars mánuð þegar Covid-19 var komið á flug í Þjóðfélaginu var viðbragðsáætlun sambandsins varðandi sóttvarnir hert til muna í þeim tilgangi að viðhalda rekstri og stuðla að öryggi starfsfólks. Starfsmannahópi sambandsins var skipt í tvennt og eftir það gat samninganefnd sveitarfélaga ekki hist í sama húsnæði, fundir með utanaðkomandi aðilum í húsnæði sambandsins voru ekki lengur heimilir og starfsmönnum uppálagt að halda fundahöldum í lágmarki bæði innanhúss og utan, en nýta fjarfundabúnað þess í stað.

Á þessum tíma voru kjaraviðræður sambandsins út í miðri á. Búið var að ljúka kjarasamningum við helming viðsemjenda sambandsins og því stórir hópar eftir. Það var því ekki annað að

gera en að færa allar kjaraviðræður yfir í fjarfundafyrirkomulag og var það gert í góðri samvinnu við stéttarfélagin.

Nýtt vinnufyrirkomulag reyndist mjög vel. Fundir urðu styttri en fleiri og markvissari. Þá gekk fjarvinna starfsmanna sambandsins líka mjög vel en skrifstofum sambandsins var lokað þann 12. mars.

Aðeins 8 dögum eftir að skrifstofu sambandsins var lokað, þann 20. mars, lauk samninganefndin gerð kjarasamnings við Félag skipstjórnarmanna. Fimm dögum síðar skrifaði Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna undir samning en þar var samningaferlið alfarið í formi fjarfunda. Var það ferli lærdómsríkt og krefjandi en samningsaðilar gengu sáttir frá borði.

Þrátt fyrir að nú sé búið að slaka á samkomutakmörkunum og að starfsemi á skrifstofu sambandsins sé að mestu komin í fyrra horf þá er reynslan af fjarfundum slík að samningaviðræður hafa haldið þannig áfram að miklu leyti.



Aðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19 er snerta starfsemi sveitarfélaga



Valgerður Rún Benediktsdóttir
lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði
Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Undanfarna mánuði hefur verið ráðist í fjölbreyttar aðgerðir til að bregðast við afleiðingum COVID-19 faraldursins. Sambandið hefur safnað upplýsingum um aðgerðirnar, fylgst með framgangi þeirra og tengt þær við viðspyrnuáætlun sambandsins frá 19. mars 2020.

Tílefni þykir til að gera stuttlega grein fyrir þeim aðgerðum sem snúa ýmist beint eða óbeint að sveitarfélögum en nánari upplýsingar eru aðgengilegar á vef sambandsins.

Ráðist hefur verið í ýmsar aðgerðir sem **styðja við opinberar framkvæmdir**. Átakið „Allir vinna“ var endurskoðað og endurgreiðsla virðisaukaskatts hækkuð úr 60% í 100%. Samþykktur var sérstakur stuðningur við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga, Fasteigna-

sjóði jöfnunarsjóðs veitt heimild til að fjármagna bætt aðgengi fatlaðs fólks að mannvirkjum og útsvæðum og töluverðum fjármunum úthlutað til hafnaframkvæmda, ofanflóðavarna, flugvalla og heilbrigðisstofnana svo fátt eitt sé nefnt.

Aðgerðir er lúta að **fjármálum sveitarfélaga** eru einnig þó nokkrar. Jöfnunarsjóður fékk heimild til að nýta fjármagn Fasteignasjóðs til að milda tekjufall sjóðsins, gerðar voru lagabreytingar er heimila sveitarstjórnunum að víkja tímabundið frá fjármálareglum sveitarstjórnarlaga og gjaldendum fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði heimilað að óska eftir frestun á gjalddögum. Þá hafa áætlanir um framlög úr jöfnunarsjóði verði endurskoðaðar.

Hvað varðar **úrræði í atvinnu- og menntamálum** tekur sambandið þátt í vinnu samhæfingarhóps um atvinnu- og menntaúrræði. Ráðist var í áttak til að útvega námsmönnum sumarvinnu og átakið „Nám er tækifæri“ er að fara í gang þar sem atvinnuleitendum sem hafa verið án atvinnu í sex mánuði eða lengur er gert kleift að hefja nám og fá fullar atvinnuleysisbætur í eina önn.

Þá hefur verið ráðist í fjölmargar **félagslegar aðgerðir**. Samþykktur var sérstakur stuðningur við viðkvæm svæði og sveitarfélög sem eru í

sérstaklega viðkvæmri stöðu vegna faraldursins. Eyrnamerkir voru fjármunir til að styðja við tekjulág heimili þannig að börn óháð efnahag geti stundað íþróttir og tómstundir, ráðist í áttak gegn heimilisofbeldi og ofbeldi gegn börnum og styrkir veittir til sveitarfélaga í dreifðari byggðum vegna áskorana í félagsþjónustu og barnavernd. Gert er ráð fyrir stuðningi við heilsugæsluþjónustu um allt land með áherslu á geðrækt og andlegt heilbrigði sem og stuðningi til að vinna gegna félagslegri einangrun viðkvæmra hópa s.s. með auknu félagsstarfi eldri borgara og auknum stuðningi við langveik og fötluð börn. Þá var auknum fjármunum varið til NPA samninga, verndaðra vinnustaða og málefna heimilislausra.

Að lokum hefur verið ráðist í **aðgerðir til að efla nýsköpun og þróun**. Tímabundnu framlagi hefur verið veitt til að efla stafræna stjórnýslyu og þjónustu sveitarfélaga og unnið er að þróun sviðsmyndalíkans um fjármál sveitarfélaga.

Ljóst er að ómögulegt er að segja til um hversu mikil eða víðtæk áhrif kórónuveirunnar verða á íslenskt samfélag þegar öll kurl eru komin til grafar. Mikilvægt er hins vegar að stjórnvöld fylgist vel með stöðunni og bregðist við eftir bestu getu. Sambandið mun halda áfram að vakta þær aðgerðir sem ráðist verður í, halda sjónarmiðum sveitarfélaga á lofti og miðla upplýsingum. Þá eru sveitarfélög hvött til að fylgjast vel með vef sambandsins þar sem finna má nýjustu upplýsingar hverju sinni um þessar aðgerðir. Einnig er alltaf hægt að hafa samband við sérfræðinga sambandsins til að fá ráðgjöf og leiðbeiningar þegar á þarf að halda.

Aðgerð	Staða	Nánari upplýsingar	Viðspyrnuáætlun sambandsins
<p>Allir vinna í aðgerðapakka 1 var samþykkt tímabundin endurgreiðsla VSK vegna vinnu sem linn er af hendi á tímabilinu frá 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020 á byggingarstað við byggingu, viðhald eða endurbætur á mannvirkjum til að bregðast við versnandi atvinnuástandi. Í aðgerðapakka 2 hefur þessi heimild verið útvíkkuð og nær nú einnig til framkvæmda á vegum sveitarfélaga.</p> <p>Staða: Sveitarfélög geta nýtt sér þetta úrræði en Skatturinn vinnur að því að setja upp rafrænt umsóknarferli fyrir sveitarfélög Tengiliður: bryndis.gunnlaugsdottir@samband.is</p>		<p>Vefur skattsins</p> <p>Frétt á vef sambandsins ásamt minnisblaði</p> <p>Frétt um reglugerð með nánari skilgreiningum</p>	<p>Aðgerðin er í samræmi við viðspyrnuáætlun sambandsins</p>

Skjámynd af upplýsingavef sambandsins um aðgerðir stjórnvalda vegna Covid-19.

Niðurstöður kosninga í sameinuðu sveitarfélagi á Austurlandi

Sveitarfélögum fækkar um 3 og eru nú 69 talsins



Laugardaginn 19. september sl. gengu íbúar í sameinuðu sveitarfélagi á Austurlandi til kosninga til sveitarstjórnar. Kosningarnar áttu að fara fram 19. apríl en var frestað vegna Covid-19 veirufaraldursins. Þá stóð einnig til að sameining sveitarfélaganna myndi taka gildi þann 3. maí þegar ný sveitarstjórn myndi koma saman.

Með sameiningu sveitarfélaganna fjögurra Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar fækkar sveitarfélögum á Íslandi um 3, eru nú 69 í stað 72 áður.

Í maí var verk- og tímaáætlun verkefnisins endurskoðuð og var þá gengið út frá því að kosningar myndu fara fram 19. september og að ný sveitarstjórn myndi taka við 4. október.

Alls voru 5 listar í framboði; B-listi Framsóknarflokks, D-listi Sjálfstæðisflokks, L-listi Austurlistans, M-listi Miðflokksins og V-listi Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs.

Á þessum fimm listum voru samtals 110 frambjóðendur en bæjarstjórn hins nýja sveitarfélags mun skipuð 11 aðalmönnum og 11 varamönnum.

Meðal fyrstu verka nýrrar sveitarstjórnar verður að ákveða nafn hins sameinaða sveitarfélags en í nafnakönnun sem framkvæmd var 29. júní hlutu nöfnin Múlaþing, Drekkabyggð og Austurþing flest atkvæði.

Atkvæði féllu á eftirfarandi hátt:

B listi Framsóknarflokks: 420 atkvæði, 19%, 2 fulltrúar.

D listi Sjálfstæðisflokks: 641 atkvæði, 29%, 4 fulltrúar.

L listi Austurlista: 596 atkvæði, 27%, 3 fulltrúar.

M listi Miðflokks: 240 atkvæði, 11%, 1 fulltrúi.

V listi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs: 294 atkvæði, 13%, 1 fulltrúi.

Auðir seðlar voru 53, ógildir voru 7.

Á kjörskrá: 3.518.

Atkvæði greiddu: 2.233 eða 63,5%.

Eftirtaldir voru kjörnir í sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags:

- Gauti Jóhannesson, D-lista
- Hildur Þórisdóttir, L-lista
- Stefán Bogi Sveinsson, B-lista
- Berglind Harpa Svavarsdóttir, D-lista
- Kristjana Sigurðardóttir, L-lista
- Jódís Skúladóttir, V-lista
- Þröstur Jónsson, M-lista
- Elvar Snær Kristjánsson, D-lista
- Vilhjálmur Jónsson, B-lista
- Eypór Stefánsson, L-lista
- Jakob Sigurðsson, D-lista

Heimastjórnir


Auk sveitarstjórnarinnar sjálfar voru valdir fulltrúar í svokallaðar heimastjórnir. Eftirtaldir voru kjörnir í heimastjórn (atkv. í sviga):

Borgarfjörður eystri: Alda M. Kristinsdóttir (30) og Ólafur Hallgrímsson (27).

Seyðisfjörður: Ólafur Sigurðsson (171) og Rúnar G. Gunnarsson (76).

Fljótsdalshérað: Dagmar Ýr Stefánsdóttir (463) og Jóhann Gísli Jóhannsson (163).

Djúpavogshreppur: Kristján Ingimarsson (47) og Ingi Ragnarsson með (41).



Morgunverðarfundur um skólamála

Morgunverðarfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga um skólamála 12. október 2020. Fundurinn verður í beinni útsendingu á vefsíðu sambandsins en unnt verður að senda inn fyrirspurnir í gegnum Slido forritið, [#1210](http://www.slido.com).

Áfram verður þráðurinn spunninn í kjölfar Skólaþings sveitarfélaga 2019 á öðrum morgunverðarfundum sambandsins um framtíðarskipan skólamála. Fundurinn fer fram mánudaginn 12. október nk. í beinu streymi frá Borgartúni 30 frá kl. 8:30-10:10.

08:30	08:50	09:10
<p>Gróa Axelsdóttir, skólastjóri</p> <p>Stapaskóli er nýjasti skólinn í Reykjanesbæ, byggður sem heildstæður skóli, leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli, frístundaheimili og félagsmiðstöð. Hann á jafnframt að geta þjónað grenndarsamfélaginu sem menningarmiðstöð. Stapaskóli ber þess merki að horft er til framtíðar um leið og kröfum samtímans er mætt.</p>	<p>Kristrún Lind Birgisdóttir, skólastjóri</p> <p>„Í Ásgarði verður hið ómögulega mögulegt“, segir á heimasíðu Ásgarðs, grunnskóla á unglingsstigi fyrir nemendur sem eru reiðubúnir að finna sinn innri fjársjóð. Verkefni eru krefjandi þar sem markið er sett hátt og allir geta verið með. Námið er nemendamiðað og alfarið óháð staðsetningu, því „skólinn“ er í skjólinum. Til stóð að starfsemi hæfist í haust en...“<i>the computer said no</i>“. Hvað er til ráða?</p>	<p>Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra og Magnús Þór Jónsson, skólastjóri Seljaskóla</p> <p>Viðmiðunarstundaskrá grunnskóla hefur verið óbreytt frá 2011. Tílefni breytinga nú er mótun menntastefnu til ársins 2030 þar sem áhersla er á framúrskarandi menntun fyrir alla og að auka vægi móðurmáls og náttúrufræði til móts við viðmið nágrannaþjóða okkar. Er þörf fyrir slíka leiðsögn menntamálaráðuneytis eða er viðmiðunarstundaskrá orðin barns síns tíma?</p>
10:00 Umræður og fyrirspurnir.		

Næsta tækifæri fyrir þitt sveitafélag?

- Hvort sem þú vilt gera mat úr auðlindum eða búa til auðlindir úr mat þá þarf að greina hvaða tækifæri eru til staðar og hvernig best má að nýta þau á sjálfbæran hátt.
- Til að ná árangri þarf skýra stefnu sem nýtist til áætlunargerðar og byggir á traustum upplýsingum og breiðu samráði við hagsmunaaðila.
- Alta býr að þeirri þekkingu, reynslu og verkfærum sem þarf til að ná árangri í byggðaðróun, við gerð skipulagsáætlana eða mótunar matarstefnu..

Sjá nánar á vefsja.is og alta.is

Staða sveitarstjórnarstigsins í Evrópu á tímum Covid-19

– Óttar Freyr Gíslason skrifar frá skrifstofu sambandsins í Brussel



Óttar Freyr Gíslason
forstöðumaður Brussel skrifstofu
sambandsins

Það er ekki hlaupið að því að skrifa grein um stöðu mála tengd Covid-19 faraldrinum þessa dagana. Morguninn sem ég hugðist skila uppkasti að þessari grein blasti við eftirfarandi fyrirögn á ruv.is: „Metfjöldi nýrra smita í heiminum“

Þar sem greinin fjallaði upphaflega um með hvaða hætti sveitarfélög í Evrópu væru að vinna sig út úr

Covid-19 kreppunni þá var hún skyndilega orðin úrelt. „Metfjöldi nýrra smita í heiminum“ gaf til kynna að við séum ekki lengur í vari og að kórónuveiran hafi eflst að nýju. Þetta á við um Indland, Bandaríkin og Brasilíu þar sem „flest smit greindust“ og Frakkland og Spán þar sem „smitum fjölga nú meira á degi hverjum en þegar fyrri bylgja faraldursins stóð sem hæst í vor“. Þá kom fram í annarri frétt að „tvö ný smit greindust innanlands og hvorugur þeirra sem greindist var í sóttkví“.

Svo hver er staða sveitarstjórnarstigsins í Evrópu á tímum Covid-19? Það er erfitt að segja, en hún er önnur en hún var í gær og hún verður að öllum líkindum enn önnur þegar þessi grein birtist.

Áhrif Covid-19 faraldursins eru gríðarleg. Nú þegar hefur tæp milljón manna látist af völdum kórónaveirunnar á heimsvísu. Þá spáir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin að dauðsföllum af völdum faraldursins muni fjölga hratt í Evrópu í október og nóvember. Álag á heilbrigðiskerfi margra Evrópuríkja hefur verið nálægt þolmörkum, en vonir standa til að þær aðgerðir sem gripið hefur verið til undanfarna mánuði tryggi að þau fari ekki á hliðina. Þá er ljóst að efnahagsleg áhrif Covid-19 faraldursins eru mikil. Hversu mikil á eftir að koma í ljós, en í því tilliti skiptir sköpum að hefta frekari útbreiðslu veirunnar.

Sveitarstjórnarstigið ber hitann og þungann af aðgerðum til að bregðast við Covid-19 faraldrinum, en á sama tíma hafa tekjur þeirra minnkað umtalsvert einmitt vegna hans. Könnun sem Evrópusamtök sveitarfélaga gerði í vor benti til þess að tap evrópskra sveitarfélaga vegna Covid-19 faraldursins myndi nema

”

Ef einhvern lærdóm má draga af Covid-19 faraldrinum þá er það mikilvægi samvinnu. Við munum hvorki ná tökum á veirunni né afleiðingum hennar án samvinnu á öllum stigum samfélagsins.“

Metfjöldi nýrra smita í heiminum

© 14.09.2020 - 07:56 | Útvald: heilbrigðismál - COVID-19 | Eftirlit: Kálfraustran



nokkrum milljörðum Evra, einkum vegna lækkunar útsvars vegna tekjutaps bæði fyrirtækja og einstaklinga. Í því ljósi má spyrja hvers sé að vænta í kjölfar yfirstandandi bylgju?

Við erum öll í þessu saman

Hver er þá staðan? Óviss, en eitt er víst, við erum öll í þessu saman.

Ef einhvern lærdóm má draga af Covid-19 faraldrinum þá er það mikilvægi samvinnu. Við munum hvorki ná tökum á veirunni né afleiðingum hennar án samvinnu á öllum stigum samfélagsins. Það er þörf á samvinnu á milli íbúa, á milli sveitarfélaga og á milli ríkis og sveitarfélaga. Þá er þörf á samvinnu á milli ríkja, en Covid-19 hefur dregið nýjar brotalamir fram í dagsljósið og þau vandamál sem við stóðum frammi fyrir áður en faraldurinn skall á eru enn til staðar og hafa í sumum tilvikum jafnvel versnað. Má þar nefna málefni flóttafólks, fátækt og misskiptingu, kynbundið ofbeldi og vöxt þjóðernis- og lýðhyggju. Því þarf að standa vörð um lýðræði, jöfnuð og mannréttindi í Evrópu og þar gegnir sveitarstjórnarstigið mikilvægu hlutverki.



Komdu þér vel fyrir

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2020 fer fram á netinu dagana 1. og 2. október. Fundað verður 2 tíma hvorn dag. Nauðsynlegt er að skrá sig á ráðstefnuna í gegnum vefsíðu sambandsins, www.samband.is

Í framhaldinu mun Samband íslenskra sveitarfélaga efna til vikulegra funda í október og nóvember með aðstoð Teams forritsins um ýmis aðskilin verkefni sveitarfélaga.

Dagskrá ráðstefnunnar er aðgengileg á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga www.samband.is

Þátttaka í fundunum er án endurgjalds.



Jarðamál í brennidepli



Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Á undanförunum árum hefur orðið allmikil umræða um eignarhald bújarða. Einkum hafa komið fram áhyggjur af því að fjársterkir aðilar eignist mikinn fjölda jarða án þess að leggja stund á hefðbundinn landbúnað. Slík þróun geti haft í för með sér neikvæðar afleiðingar fyrir byggðir landsins.

Breytingar á ákvæðum um eignarráð og nýtingu fasteigna

Til að bregðast við þessari þróun voru sett lög í lok vorþings fyrir á þessu ári um breytingar á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna, nr. 85/2020. Meginbreytingin varðandi takmarkanir á jarðasöfnun snýr að ákvæðum jarðalaga um að skylt verði að afla samþykkis ráðherra fyrir ráðstöfun beins eignarréttar yfir fasteign, eða afnotaréttar til lengri tíma en sjö ára, ef:

1. fasteign er lögbýli og viðtakandi réttar og tengdir aðilar eiga fyrir fimm eða fleiri fasteignir sem eru skráðar í lögbýlaskrá enda nemi samanlögð stærð þeirra 50 hekturum eða meira, eða
2. viðtakandi réttar og tengdir aðilar eiga fyrir fasteign eða fasteignir sem eru samanlagt 1.500 hektarar eða meira að stærð.

Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands

Einn þáttur í lagabreytingum á vorþingi var að við 55. gr. jarðalaga bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:

Ráðherra er heimilt að gefa út leiðbeiningar um framkvæmd ákvæða þessara laga um landnotkun, landskipti o.fl. Auk þess er ráðherra heimilt að gefa út leiðbeiningar um hvernig skuli flokka landbúnaðarland í aðalskipulagi. Leiðbeiningar þessar skulu unnar í samvinnu við yfirvöld skipulagsmála.

Sá þáttur þessa ákvæðis sem snýr að flokkun landbúnaðarlands er í nánnum tengslum við landskipulagsstefnu 2015-2026. Vinna stendur yfir við gerð viðauka við landskipulagsstefnu, þar sem megináhersla er á þrjá þætti, þ.e. landslag, loftslag og lýðheilsu. Drög að þeim viðaukum, ásamt öðrum breytingum á landskipulagsstefnu verða kynnt á næstu vikum.

Nokkur sveitarfélög hafa þegar látið flokka landbúnaðarland í tengslum við aðalskipulagsvinnu. Þykir sú vinna almennt gefa góða raun og styðja við ákvarðanatöku sveitarfélaga við afgreiðslu erinda um breytingar á landnotkun, beiðnir um landskipti o.p.h. Af hálfu sambandsins hefur þó verið undirstrikað að aðstæður sveitarfélaga eru misjafnar og að tæplega verði séð að þörf sé á að skylda öll sveitarfélög til að flokka landbúnaðarland.

Útgáfa leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands fellur því vel að áherslum sambandsins og munu þær án efa stuðla að samræmi í vinnu við slík verkefni.

Vinna stýrihóps um heildstæða löggjöf og stjórnsýslu um jarðir, land og aðrar fasteignir

Í kjölfar lagabreytinganna fyrir á þessu ári skipaði forsætisráðherra stýrihópur með aðkomu ráðuneyta og sambandsins um frekari úrbætur á löggjöf um jarðir, land og aðrar fasteignir. Lögð hefur verið áhersla á að hraða þessari vinnu, þannig að frumvörp um málefnið verði lögð fram á Alþingi í vetur. Á meðal helstu álitaefta í þeirri vinnu er m.a. hvaða möguleikar eru á einföldun og samræmingu laga, hvort þörf er á sérstökum lögum um sameign lands og hvort hægt sé að skerpa á ákvæðum um forkaupsrétt. Óumdeilt er að þörf er fyrir úrbætur á löggjöf um þessi efni, sem er komin nokkuð til ára sinna.

Landbúnaðarstefna

Loks skal nefnt að í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu er að hefjast vinna við mótun landbúnaðarstefnu. Af því tilefni hefur sambandið sent ráðuneytinu bréf þar sem áréttað er mikilvægi þess að haft verði samráð við sveitarstjórnarstigið, ásamt því að tekið verði tillit til þeirrar stefnumótunar sem að framan er rakin.



Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?



Í tæknivæddu samfélagi nútímans er erfitt að hugsa sér daglegt líf án rafmagns, svo samofið er það öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. RARIK rekur umfangsmesta rafdreifikerfi á Íslandi sem nær til 90% af sveitum landsins og til 44 þéttbýliskjarna. Lengd dreifikerfisins er 9.000 km og þar af eru 65% jarðstrengir.

www.rarik.is

 **RARIK**



Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna



Valgerður Rún Benediktsdóttir
lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði

Þann 7. september 2018 rituðu ráðherrar félags- og jafnréttismála, heilbrigðismála, mennta- og menningarmála, dómsmála, samgöngu- og sveitarstjórnarmála og Samband íslenskra sveitarfélaga undir viljayfirlýsingu um aukið samstarf í þágu barna. Markmið yfirlýsingarinnar er að brjóta niður múra sem kunna að myndast milli kerfa þegar tryggja þarf börnum heildstæða og samhæfða þjónustu. Í kjölfarið tók stýrihöpur Stjórnarráðsins í málefnum barna til starfa en þar eiga

sæti fulltrúar fyrrgreindra ráðuneyta auk forsætisráðuneytis en Samband íslenskra sveitarfélaga á áheyrnarfulltrúa. Þá var einnig stofnuð þingmannanefnd um málefni barna.

Lagafrumvarp um samþættingu

Afrakstur framangreinds samstarfs eru m.a. drög að nýju lagafrumvarpi um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda í maí sl. og rétt þykir að vekja athygli sveitarfélaga á.

Líkt og fram kemur í frumvarpinu er framlagning þess svar við ákalli til stjórnvalda um að hlúa betur að börnum og að lagaumhverfið taki frekar mið af snemmtækum stuðningi en síðbúnum inngripum í líf barna. Þar sé samstarf þvert á málaflokka lykilatríði. Meginmarkmið frumvarpsins er að búa til umgjörð í lögum sem stuðlar að því að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang

að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Þar sem frumvarpið snertir fjölbætta þjónustu hjá sveitarfélögum ákvað sambandið að efna til samráðsfundar með félags- og fræðslustjórum sveitarfélaganna enda mikilvægt að fá fram sjónarmið þeirra sem sinna umræddri þjónustu á vettvangi. Fundurinn var vel sóttur og margar gagnlegar ábendingar komu fram. Sambandið sendi í framhaldinu inn umsögn um frumvarpið og hefur í kjölfarið átt í góðu samstarfi við félagsmálaráðuneytið um frekari útfærslu á frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að það verði lagt fyrir Alþingi á haustþingi.

Farsældarþjónusta og svæðisbundin farsældarráð

Í frumvarpinu er að finna nýtt hugtak „farsældarþjónusta“ sem er yfirheiti yfir þjónustu sem mælt er fyrir um í lögum að veitt sé á vegum ríkis og sveitarfélaga sem á að efla eða tryggja farsæld

barns. Þjónusta samkvæmt frumvarpinu er þjónusta sem fer fram innan menntakerfisins, félagsþjónustunnar og löggæslunnar. Hugtakið nær m.a. yfir alla þjónustu sem fer fram í leik-, grunn- og framhaldsskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum, á heilsugæslu, heilbrigðisstofnunum og sjúkrahúsum, hjá félagsþjónustu, barnavernd, sem og þjónustu við fötluð börn.

Gert er ráð fyrir nýjum samstarfsvettvangi á vegum sveitarfélaga, svokölluðum svæðisbundnum farsældarráðum, en í frumvarpi í samráðsgátt er gert ráð fyrir að slík ráð móti stefnu og framkvæmdaáætlun um farsæld barna. Sambandið hefur lagt áherslu á að sveitarfélög hafi frelsi til að útfæra ráðin eftir því sem hentar á hverju svæði og að vinna á vettvangi þeirra verði ekki of íþyngjandi. Leggja eigi áherslu á að ráðin vinni að forgangsriðun aðgerða út frá gögnum og upplýsingum um stöðuna á viðkomandi svæði frekar en að ráðast í umfangsmikla stefnumótun.

Stigskipting þjónustu

Þá er kveðið á um samræmda mælikvarða til að lýsa stigskiptingu þjónustu í þágu farsældar barna og mælt fyrir um skyldu til að stigskipta allri farsældarþjónustu. Að mati sambandsins er jákvætt að kveðið sé á um stigskiptingu þjónustu í löggjöf og að í greinargerð með frumvarpinu séu tekin dæmi um hverskonar þjónusta tilheyrir hverju stigi. Gert ráð fyrir að viðkomandi ráðherrar flokki farsældarþjónustu á sínu málefnaviði eftir stigum og hefur sambandið lagt áherslu á mikilvægi þess að sú vinna hefjist sem fyrst í samráði við sveitarfélögin.

Málsmeðferð

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að öll börn og foreldrar þeirra hafi aðgang að aðila sem getur aðstoðað þau við að fá viðeigandi þjónustu án hindrana. Kveðið er á um „tengilið“, sem öll börn og foreldrar geta haft aðgang að, „málstjóra“ sem er skipaður ef barn þarf aukna þjónustu og „stuðningsteymi“ sem málstjóri stofnar og samanstendur af fulltrúum þeirra þjónustuveitenda sem veita þjónustu

í þágu farsældar barns. Hvað þetta varðar hefur sambandið lagt áherslu á að sveitarfélögum verði jafnað frelsi til að útfæra fyrrgreinda þjónustu, sér í lagi þjónustu tengiliða, en gert er ráð fyrir að hlutverki tengiliða verði fundinn staður í öllum leik- og grunnskólum.

Þá hefur sambandið lagt mikla áherslu á að ákvæði frumvarpsins er lúta að meðferð persónuupplýsinga verði skýr þannig að þau styðji við þau markmið sem frumvarpinu er ætlað að ná.

Lokaorð

Sambandið tekur heilshugar undir þau markmið sem að er stefnt í frumvarpinu en leggur áherslu á að ekki verði stofnað til aukins kostnaðar við óþarflega flókna stjórnsýslu. Sveitarfélögin vilji heldur leggja fjármuni í að bæta þjónustu við börn.

Lykilatriði er að frumvarpið verði skýr leiðbeining til þjónustuaðila um hvernig



Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að öll börn og foreldrar þeirra hafi aðgang að aðila sem getur aðstoðað þau við að fá viðeigandi þjónustu án hindrana.

eigi að vinna að samþættingu í þágu farsældar barns.

Þá hefur sambandið lagt höfuðáherslu á vandaða greiningu á kostnaði sem og mikilvægi þess að sveitarfélögum verði tryggðir nauðsynlegir fjármunir til að innleiða og standa við þær skyldur sem lagðar eru á sveitarfélögin í frumvarpinu svo að markmið þess geti náð fram að ganga.

Ráðrík


þekking
reynsla
fagmennska



Eyrún Ingibjörg
Sigþórsdóttir
eyrun@radrik.is



Guðný Sverrisdóttir
gudny@radrik.is



Svanfríður Inga
Jónasdóttir
svanfridur@radrik.is

Ráðrík ehf. býður m.a. upp á ráðgjöf og aðstoð við eftirfarandi:

- Ýmiskonar námskeið sem tengjast sveitarfélögum.
- Gerð húsnæðisáætlana fyrir sveitarfélög.
- Aðstoð við uppbyggingu á ferðamannastöðum.
- Úttekt á fjárhag sveitarfélaga m.a. vegna fjárfrekra framkvæmda.
- Vinna við könnun, aðdraganda og undirbúning sameiningar sveitarfélaga.
- Mat á grunnskólustarfi, hvernig tökumst við á við fjölmenningu í sveitarfélögum og fleira.
- Leysa af sveitar- og bæjarstjóra um skemmri tíma.





Ferðaþjónustan orðið fyrir miklu tjóni af völdum Covid-19 sem hefur haft áhrif á fjárhag sveitarfélaga.

Mynd: Ingibjörg Hinriksdóttir

33 milljarða högg á sveitarfélögin vegna COVID-19

Eftir Garðar H. Guðjónsson

Áætlað er að fjárhagsleg áhrif Covid-19 faraldursins á sveitarfélögin í landinu verði þau að samanlögð rekstrarniðurstaða þeirra verði lakari um sem nemur 26,6 milljörðum króna frá því sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlunum ársins. Auk þess er gert ráð fyrir auknum fjárfestingum vegna faraldursins uppá rúmlega 6,5 milljarða króna. Samanlagt eru því áhrifin rúmlega 33 milljarðar króna eða ríflega 91 þúsund króna á hvern íbúa. Hlutfallslega nemur höggið af völdum faraldursins á rekstur sveitarfélaganna 8,5 prósent af heildarútgjöldum sveitarfélaganna í fyrra, en þau námu þá 390 milljörðum króna. Þetta kemur fram í nýútkominni skýrslu starfshóps sem settur var á fót síðastliðið vor að frumkvæði ríkisstjórnarinnar.

Í skýrslunni kemur fram að sé litið til nýrra áætlana sveitarfélaganna varðandi lántökur má áætla að þau muni fjármagna aukinn halla annars vegar með auknum lántökum upp á tæpa 23 milljarða annars

vegar og hins vegar með því að ganga á handbært fé upp á rúma tíu milljarða króna.

Gunnar Haraldsson hagfræðingur var formaður starfshópsins. Hann segir áhrifin mjög ólík eftir sveitarfélögum og landshlutum. Áhrif Covid-19 faraldursins séu hlutfallslega mest þar sem umfang ferðaþjónustu er hlutfallslega stærst og þar sem ætla má að útgjöld vegna félagslegrar þjónustu og fjárhagsaðstoðar vegi þyngst. Mörgum sveitarfélögum sé þröngur stakkur sniðinn hvað varðar viðbrögð við ástandinu, sérstaklega í ljósi þess hve reyna muni á framlög þeirra vegna lögbundinna verkefna, ekki síst í velferðar- og skólamállum.

Verulegt högg

„Það er ljóst að þetta er verulegt högg í sögulegum samanburði þótt við höfum ekki beinan samanburð við til dæmis áhrifin af efnahagshruninu 2008. En

áhrifin á einstök sveitarfélög eru mjög ólík og þau munu væntanlega bregðast við með mjög mismunandi hætti. Sum sveitarfélög eiga mjög litla möguleika á að bregðast við með niðurskurði, sum munu eflaust brúna bilið með lántökum og önnur ganga á handbært fé,“ segir Gunnar við Sveitarstjórnarmál.

Hann bendir á að aðstæður á lánamörkuðum séu með besta móti um þessar mundir. Vextir séu lægri en verið hefur um langa hríð og gott framboð sé á lánsfé. Það sé þó ákveðið ljós í myrkrinu.

„Það er erfitt að segja til um hve lengi þessi áhrif á fjárhag sveitarfélaga muni vara. Það fer allt eftir því hvernig veiran hegðar sér og hvort og þá hvenær við fáum bóluefni við henni. Ef allt fer á besta veg eru allar líkur á hröðum viðsnúningi og að sveitarfélögin rétti þennan halla af á skömmum tíma, jafnvel einu ári. Þannig að ef allt gengur upp eru ekki líkur á að þessi áhrif muni vara í langan tíma,“ segir Gunnar.

Útgjöld sveitarfélaganna hafa aukist vegna aukinnar sóttþreinsunar og ræstinga á stofnunum og vegna aukins álags í viðkvæmri þjónustu á sviði velferðarmála, svo eitthvað sé nefnt.

Lækkun útsvarstekna

Áhrif á útsvarstekjur eru mjög mismunandi. Þannig má samkvæmt skýrslunni ætla að í 22 sveitarfélögum verði útsvarstekjur á íbúa hærrí en ráð var fyrir gert í áætlunum. Í öðrum sveitarfélögum má ætla að neikvæð áhrif á útsvarstekjurnar verði veruleg. Rangárþing eystra sker sig nokkuð úr en ætla má að útsvarstekjur þar verði rúmlega 163 þúsund krónum lægri á íbúa en gert hafði verið ráð fyrir í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Í þessu sambandi er þó mikilvægt að benda á að í fjárhagsáætlun Rangárþings eystra fyrir árið 2020 var gert ráð fyrir að útsvarstekjur yrðu 27,5 prósent hærrí en þær voru árið 2019. Þá má gera ráð fyrir verulegum samdrætti í Mýrdalshreppi, Grundarfjarðarbæ, Skagabyggð, Bolungarvíkurkaupstað, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi, Reykhólahreppi og víðar.

Minni þjónustutekjur

Fram kemur að áhrif á þjónustutekjur séu einnig ólík milli ólíkra sveitarfélaga. Þannig gera þrjú sveitarfélög ráð fyrir jákvæðum breytingum í þjónustutekjum miðað við áætlanir fyrir árið 2020. Mörg sveitarfélög gera ráð fyrir óbreyttum þjónustutekjum en ætla má að samdráttur verði í 38 þeirra. Í flestum tilfellum má ætla að samdrátturinn verði minni en 10 þúsund krónur á íbúa en hjá Reykjavíkurborg, Sveitarfélaginu Skagafirði, Þingeyjarsveit, Blönduósbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Dalabyggð má ætla að samdrátturinn liggi á

bilinu 12 til 32 þúsund krónur á íbúa. Í Reykjavíkurborg má ætla að samdrátturinn verði öllu meiri, eða rúmlega 4,3 milljarðar króna sem nemur tæplega 33 þúsund krónum á hvern íbúa. Þar munar mestu um samdrátt í sölu á byggingarétti, um 3,97 milljarðar króna, sem færðar hafa verið meðal þjónustutekna.

Sala byggingarréttar er stærsti liðurinn í þjónustutekjum sveitarfélaga, en þar undir eru einnig innheimta leikskóla- og fæðisgjalda sem og ýmis konar þjónustugjöld og aðgangseyrir, til dæmis vegna íþrótt- og menningarstarfsemi.

Aukin útgjöld

Viðbrögð sveitarfélaganna við Covid-19 faraldrinum hafa kallað á talsverð viðbótarútgjöld. Útgjöld sveitarfélaganna hafa aukist vegna aukinnar sóttþreinsunar og ræstinga á stofnunum og vegna aukins álags í viðkvæmri þjónustu á sviði velferðarmála, svo eitthvað sé nefnt. Þá hafa útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar farið vaxandi og sveitarfélögin hafa ráðist í atvinnuúrræði til að koma til móts við aukið atvinnuleysi.

Þannig er gert ráð fyrir að launakostnaður sveitarfélaga verði 3,5 milljörðum króna meiri en upphaflegar fjárhagsáætlanir gerðu ráð fyrir. Auk þess er reiknað með að annar kostnaður verði 2,9 milljörðum króna meiri. Samtals er hér um 6,4 milljarða aukningu að ræða miðað við það sem upphaflega hafði verið áætlað.

Bæta í fjárfestingar

Ólík fjárhagsleg staða sveitarfélaganna og aðrar ástæður geta legið að baki ólíkum fjárfestingaráformum. Alls 27 sveitarfélög gera nú ráð fyrir auknum fjárfestingum miðað við birtar fjárhagsáætlanir á yfirstandandi ári.

Segir í skýrslunni að sé litið heilt yfir sviðið geri sveitarfélögin nú ráð fyrir að heildarfjárfestingar þeirra á yfirstandandi ári verði uppá tæplega 39 milljarða króna en í fjárhagsáætlunum þeirra hafði verið gert ráð fyrir fjárfestingum uppá rúmlega 32 milljarða. Hér munar um 6,6 milljörðum króna. Sé auk þess tekið tillit til minni tekna Reykjavíkurborgar af sölu byggingarréttar nema hreinar fjárfestingar ársins um 43 milljörðum króna, eða 10 milljörðum meira en ráð hafði verið fyrir gert.

Starfshópurinn og hlutverk hans

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi þann 28. apríl 2020 að beina því til samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga að setja á fót greiningarhóp til að vinna að tvíþættu verkefni. Annars vegar að safna upplýsingum um fjárhagsáætlanir og fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga fyrir yfirstandandi ár og þróun þeirra og horfur og hins vegar að safna upplýsingum um einstaka þætti sem ljóst þykir að muni hafa mikil áhrif á afkomu sveitarfélaganna á komandi mánuðum og misserum.

Tílefnið eru þær aðstæður sem myndast hafa í kjölfar Covid-19 faraldursins en ljóst er að áhrif hans verða mikil á efnahagslífið allt og þar með talið fjármál ríkis og sveitarfélaga.

Því var beint til starfshópsins að setja upplýsingarnar fram í líkani

sem nýst gæti við að meta ástand og horfur í fjármálum hins opinbera með heildstæðum hætti.

Í starfshópinu voru skipuð;

- Dan Brynjarsson, sviðsstjóri fjársýslusviðs Akureyrarbæjar, fulltrúi Sambands Íslenskra sveitarfélaga.
- Hanna Dóra Hólm Másdóttir, fulltrúi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.
- Gunnar Haraldsson, án tilnefningar, formaður.
- Kristinn Bjarnason, fulltrúi fjármálaráðuneytis.
- Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar, fulltrúi Sambands Íslenskra sveitarfélaga.
- Pétur Berg Matthíasson, fulltrúi forsætisráðuneytis.

Treystum því að ríkið standi með okkur í þessum erfiðleikum

Eftir Garðar H. Guðjónsson

„Það er ljóst að áhrifin af veirufaraldrinum lenda mjög misjafnlega á sveitarfélögunum í landinu. Sum sveitarfélög eru að taka á sig mikinn skell og munu eiga erfitt með að bregðast við. Á hinn bóginn eru mörg sveitarfélög í ágætri stöðu til að bregðast við enda kemur fram í skýrslunni að líklega verður 10 milljörðum af 33 mætt með því að ganga á handbært fé. Við treystum því vissulega að ríkið standi með okkur hjá sveitarfélögunum í þessum vanda sem blasir við. Við erum í viðræðum við ríkið um hvernig það vill og getur stutt við sveitarfélögin. Við höfum farið fram á bæði almennan og sértækan fjárstuðning frá ríkinu á grundvelli samþykktar stjórnar sambandsins en ekki fengið enn jákvæðar undirtektir við þeirri kröfu,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, í tilefni af útgáfu skýrslunnar um fjárhagsleg áhrif Covid-19 á rekstur sveitarfélaga.

„Við vitum og fáum að heyra það frá ríkinu að sveitarfélögin eru ekki ein um að taka á sig skell vegna Covid-19. Ríkissjóður hefur þurft að taka á sig gríðarlega fjármuni, líklega 850 milljarða króna, til að bregðast við veirufaraldrinum. Svo það þarf auðvitað að ná utan um sína stöðu og ná vopnum sínum,“ segir Aldís.

Hún segir ljóst að fara þurfi betur yfir upplýsingar um áhrifin á sveitarfélögin og meta hvaða sveitarfélög verða verst úti.

„Það þarf að huga að skuldastöðu sveitarfélaga og getu þeirra til að taka lán til að mæta vandanum. Við leggjum áherslu á að sveitarfélögum standi til boða góð lánskjör. Aðstæður eru þannig nú að lánasjóðurinn er að bjóða lán til sveitarfélaga á miklu betri kjörum en áður hafa sést. Það hjálpar auðvitað í aðstæðum sem þessum. En auðvitað eru lántökur til að bregðast við stöðunni skammgöður vermir þótt sum sveitarfélög

muni neyðast til þess. Lán þarf að greiða til baka,“ segir Aldís.

Tekjufall hjá jöfnunarsjóði

Vandi margra sveitarfélaga felst að talsverðu leyti í niðurskurði framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, en að sögn

”

Það er því að mínu mati nauðsynlegt fyrir ríki og sveitarfélög að draga lærdóm af því sem gerst hefur í ár til að efla viðbrögð okkar og varnir.

Aldísar eru mörg sveitarfélög mjög háð framlögum úr sjóðnum.

„Jöfnunarsjóðurinn fær tekjur frá ríkinu sem hlutfall af tekjum þess og nú er fyrirjafnanlegt að þær tekjur munu dragast verulega saman með vaxandi atvinnuleysi. Gert er ráð fyrir að tekjur jöfnunarsjóðs verði um fjórum milljörðum lægri en gert var ráð fyrir á þessu ári. Svo vitum við náttúrulega ekkert hvernig næstu misseri og ár verða. Það verður ekki undan því komist að ríkið ræði þessa stöðu við sveitarfélögin og skoði tillögur okkar í þessum efnum. Þar verða að koma til framlög frá ríkinu.

Mörg sveitarfélög hafa orðið fyrir miklum kostnaðarauka, svo sem vegna velferðarþjónustu. Þau geta ekki gripið þetta ein. Í mörgum málaflökum, svo sem í þjónustu við fatlaða, er einfaldlega ekki hægt að skera niður,“ segir Aldís.

Hún segir ástandið vegna veirufaraldursins vera viðfangsefni sem enginn stjórnmálamaður hefur tekist á við



Aldís Hafsteinsdóttir, formaður sambandsins, í ræðustölu á fjármálaráðstefnunni árið 2019.

áður. Því sé mikilvægt að bæði ríki og sveitarfélög fari í naflaskoðun og líti á ástandið sem lærdómsferli til lengri tíma.

„Við vitum ekkert hvernig þetta mun próast. Óskastaðan væri auðvitað ef að úr rættist fljótlega, þetta væri tímabundið ástand og allt félli í ljúfa löð á ný en það stefnir nú í að vera frekar ólíkleg sviðsmynd. Það er því að mínu mati nauðsynlegt fyrir ríki og sveitarfélög að draga lærdóm af því sem gerst hefur í ár til að efla viðbrögð okkar og varnir.

Það verður ekki undan því vikist að allir axli einhverjar byrðar og við aðstæður sem þessar verðum við að standa saman og horfa á íbúa landsins sem eina heild. En við erum líka að læra ýmislegt um það hvernig við getum brugðist við. Verkefni okkar allra er að lækka kostnað og straumlínulaga rekstur ríkis og sveitarfélaga. Við þurfum að einfalda stjórnsýsluna, auka rafræna þjónustu og efla sveitarstjórnarstigið og einstakar stjórnsýslueiningar innan þess. Það getum við gert með sameiningu

sveitarfélaga en líka með ýmsum öðrum aðgerðum sem til dæmis hafa komið fram í stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarstjórnarstigsins.“

Atvinnuleysi og fækkun íbúa

Aldís bendir á að því miður séu ríki og sveitarfélög fjarri því að vera búin að bíta úr nálinni með áhrifin af veirufaraldrinum. Hún segist hafa miklar áhyggjur af mörgum sveitarfélögum og íbúaþróun þar sem atvinnuleysi er víðtækt, ekki síst vegna hruns í ferðaþjónustu.

„Atvinnuleysi er sums staðar gríðarlega mikið og líklegt er að íbúum í einstökum sveitarfélögum fari fækkandi af þeim

sökum. Það mun gera stöðu viðkomandi sveitarfélaga enn erfiðari. En þetta er skiljanlegt. Missi maður vinnuna í fámennu, afskekktu sveitarfélagi þar sem atvinnulíf er einhæft og fábreytt á maður fáa kosti aðra en að flytja sig um set þar sem vonir um atvinnu eru betri. Þetta er þekkt birtingarmynd kreppu. Það er því nauðsynlegt að lesa saman tölur um atvinnuleysi og brottflutta íbúa á næstu mánuðum.

Atvinnuleysið er ekki enn farið að bíta að ráði. Útsvarið hefur gefið aðeins minna eftir en svörtustu spár gáfu til kynna í upphafi faraldursins. Að hluta til er það án vafa vegna þess að sveitarfélögin hafa notið góðs af hlutabótaleiðinni,

tekjutengdum atvinnuleysisbótum og fleiri aðgerðum ríkisins. Umsamdar launahækkanir skila sér líka í hækkuðu útsvari þó að þungi þeirra vegi einnig þungt á útgjaldahliðinni. Það er því ástæða til að við höfum trú á framtíðinni. Við höfum staðið þessa síðustu mánuði þokkalega af okkur. Enn er staðan ekki orðin eins slæm og verstu spár gerðu ráð fyrir. En ef ekki rofar til fljótlegra og fólks verður í stórum stíl farið að lifa á atvinnuleysisbótum, ef til vill í desember eða janúar, munum við sjá vandann kristallast. Það er mikið áhyggjuefni. Því er stuðningur ríkisins við sveitarfélögin lífsnauðsynlegur í þessum aðstæðum“ segir Aldís.



Árangur er í fólkinu falinn

Lykillinn að árangri felst í hæfni starfsfólks. Með einföldum og skilvirkum lausnum má stuðla að aukinni ánægju starfsfólks og enn betri rekstri sveitarfélagsins.

Við bjóðum fjölbreytta ráðgjöf og þjónustu, m.a:

- + Viðverustjórnun/stefna sveitarfélaga
- + Einelti, áreitni og ofbeldi (úttekt, stefna)
- + Vinnustaðagreining/áhættumat
- + Ráðningar

Attentus

MANNAUÐUR & RÁÐGJÖF

Attentus Reykjavík: 519 7510 + Attentus Norðurlandi: 699 2668
attentus@attentus.is + attentus.is

Fjölbreytt verkefni sveitarfélaga og stafræn stjórnsýsla



Bryndís Gunnlaugsdóttir
lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Í starfsemi stjórnvalda, hvort sem er ríki eða sveitarfélaga, eru fjölbreytt verkefni þar sem lögbundin og áriðandi mál njóta forgangs og því getur verið lítið svigrúm til að vinna að mikilvægum umbótaverkefnum. Sumarstarfsmenn hafa því oft gegnt viðamiklu hlutverki við að vinna mikilvæg verkefni sem eru þó ekki áriðandi og lenda því oft neðar í forgangsröðun en æskilegt er. Sambandið ákvað að taka þátt í verkefni ríkisstjórnarinnar um sumarúrræði fyrir námsmenn og var Kolfinna Tómasdóttir, laganemi, ráðin til starfa. Helstu verkefni hennar voru annars vegar að fara yfir lög er tengjast starfsemi sveitarfélaga og hvort þau séu í stakk búin fyrir stafræna stjórnsýslu og hins vegar að nýta yfirferðina til að lista upp stefnur, skýrslur, samþykktir og fleira er sveitarstjórnir skulu samþykka fyrir starfsemi sína.

Þegar skammt var liðið á sumarið hóf sambandið samstarf við Vestmannaeyjabæ. Þar var einnig laganemi í sumarvinnu, Ásgeir Elíasson, sem falið var að þróa þá hugmynd að búa til dagatal fyrir sveitarstjórnir og bæjarskrifstofur til að nýta í starfsemi sinni. Ásgeir vann það verkefni ásamt Angantý Einarssyni framkvæmdastjóra

stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Þar sem augljós samlegðaráhrif voru milli þessara verkefna störfuðu Kolfinna og Ásgeir náið saman yfir sumarið. Í grunninn fólst vinna þeirra í að lesa yfir öll lög er komu fram í yfirliti samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um lögmælt verkefni sveitarfélaga. Á listanum voru 82 lagabálkar sem spönnuðu vítt málefnasvið enda nær starfsemi sveitarfélaga yfir mjög fjölbreytt svið. Við yfirlesturinn voru jafn óðum rituð niður þau ákvæði er gætu hindrað þróun og innleiðingu stafrænnar stjórnsýslu sem og þau ákvæði er fela í sér skyldu sveitarstjórna til að samþykka reglur, samþykktir, stefnur o.s.frv.



Því er ljóst að ekki er um miklar lagalegar hindranir að ræða þegar kemur að stafrænni þróun sveitarfélaga.

Afurð vinnunnar var tvíþætt. Annars vegar varð til gott yfirlitsskjal, skipt niður eftir ráðuneytum, þar sem finna má þau ákvæði í lögum er snerta starfsemi sveitarfélaga sem æskilegt er að breyta svo hægt sé að innleiða stafræna stjórnsýslu. Það kom nokkuð á óvart að mun minna var af stafrænum hindrunum en búist var við. Því er ljóst að ekki er um miklar lagalegar hindranir að ræða þegar kemur að stafrænni þróun sveitarfélaga en þó þarf að hafa þann fyrirvara á að reglugerðir gætu falið í sér nánari útfærslu og þannig búið til stafrænar hindranir. Æskilegt væri því að halda áfram með verkefnið og skoða næst reglugerðir, auglýsingar eða aðrar reglur er gilda um starfsemi sveitarfélaga og gætu innihaldið stafrænar hindranir.



Kolfinna Tómasdóttir laganemi og starfsmaður á skrifstofu sambandsins sumarið 2020.

Niðurstöður úr þessari yfirferð verða sendar hverju ráðuneyti en starfshópur innan fjármálaráðuneytisins óskaði eftir því við öll ráðuneyti að greint yrði tæknióhæði laga í þeim tilgangi að efla stafræna stjórnsýslu.

Hins vegar varð til grunnur að nokkurs konar dagatali fyrir sveitarstjórnir og bæjarskrifstofur þar sem finna má lista yfir allar stefnur, reglur, samþykktir og fleira er þeim ber samkvæmt lögum að samþykka ásamt yfirliti um hvort og þá hvenær ber að endurnýja þær. Markmiðið er síðan að vinna dagatalið áfram þannig að til verði tékklisti fyrir sveitarfélög til að nýta sér í starfsemi sinni og auðvelda þannig yfirsýn yfir þessi atriði. Vonir standa til að hægt verði að þróa verkefnið áfram og setja það á vefsíðu sambandsins þar sem hægt verði að sækja umræddan tékklista en einnig nálgast umfjöllun, sýnishorn og leiðbeiningar þegar það á við.

Það má með sanni segja að Kolfinna og Ásgeir hafi í sumar unnið yfirgripsmikið verkefni. Niðurstöður þeirra ættu að skila sér í bættri lagaumgjörð fyrir stafræna stjórnsýslu og betri leiðbeiningum og yfirsýn til sveitarstjórna og starfsmanna sveitarfélaga um þau lög er gilda um starfsemi þeirra.

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir styrki til orkuskipta 2020

Innviða- og verkefnastyrkir vegna áherslu stjórnvalda um orkuskipti og nýtingu endurnýjanlegrar orku. Heildarfjárhæð til úthlutunar er 180 m.kr.

1. Innviðastyrkir fyrir vistvæn ökutæki (s.s. heimsendingaþjónusta, bílaleigur, leigubílar og annar rekstur). Krafa er um eftirfarandi skilyrði:

- 10 bifreiðar eða 2 hópibifreiðar að lágmarki í flota.
- Styrkir geta að hámarki numið 33% af áætluðum stofnkostnaði.

2. Innviðastyrkir fyrir vistvæn ökutæki við opinbera staði (s.s. hleðslustöðvar við sundlaugar, heilsugæslur, skóla, hafnir/flugvelli, heimahjúkrun, félagþjónustu, vaktbíla).

- Styrkir geta að hámarki numið 50% af áætluðum stofnkostnaði.

3. Verkefnastyrkir fyrir rekstur í haftengdri starfsemi (s.s. fiskeldi, ferðaþjónusta, smábátar).

- Með verkefnastyrki er átt við að samstarfsaðilar komi saman að skilgreiningu heildarverkefnis sem lúti bæði að innviðauppbyggingu í landi sem og að búa báta með mestu lengd allt að 15 metrum til nýtingar á endurnýjanlegu eldsneyti. Aðilar að skilgreindu verkefni ákveði hvernig styrkuppghæð skiptist á milli hluteigandi aðila. Skilyrði að samkomulag sé til staðar við viðkomandi höfn. Styrkir geta að hámarki numið 33% af áætluðum stofnkostnaði.

Sjóðurinn áskilur sér rétt til að forgangsraða styrkjum í samræmi við áherslur stjórnvalda við orkuskipti, s.s. líta til þess hversu líklegt er að styrkhæft verkefni hraði orkuskiptum og hversu mikil áhrif það hefur til minnkunar á kolefnisfótspori. Einnig verður horft til dreifingu verkefna um landið og hversu hratt þau eru talin koma til framkvæmda. Styrkuppghæð til hvers verkefnis ræðst af getu sjóðsins og fjölda umsókna.

Umsóknarfrestur er til 20. október 2020

Umsóknir skulu sendar gegnum þjónustugátt Orkustofnunar: gattin.os.is
Nánari upplýsingar fást hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri. Sími: 569 6083. Netfang: rka@os.is.



„Við hér á Akureyri höfum mikinn metnað til að rækja vel hlutverk okkar og skyldur sem hin borgin gagnvart nágrennasveitarfélögum okkar og íbúum þeirra. Við gegnum að mörgu leyti sama hlutverki og höfuðborgin gerir gagnvart nágrennasveitarfélögum sínum. Okkur þykir hins vegar skorta talsvert á skilning ríkisvaldsins á þessu hlutverki Akureyrar sem birtist í allt of takmarkaðri þátttöku í kostnaði við rekstur ýmissa stofnana og þjónustu sem nær ekki aðeins til íbúa sveitarfélagsins heldur til þúsunda annarra íbúa fjórðungsins,“ segir Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, í samtali við Sveitarstjórnarmál.

Ásthildur var ráðin bæjarstjóri á Akureyri eftir kosningarnar 2018 en hafði áður verið bæjarstjóri Vesturbyggðar í átta ár. Sveitarstjórnarmál hafa lengi verið samofin lífi Ásthildar og má raunar segja að þau séu henni í blóð borin. Fyrstu 17 ár ævinnar var hún dóttir bæjarstjórans í Stykkishólmi, Sturlu Böðvarssonar, eða allt þar til hann lét af störfum sem bæjarstjóri og varð alþingismaður og síðar ráðherra. Lungann úr starfsævi sinni hefur Ásthildur fengist við sveitarstjórnarmál. Hún starfaði um árabíl hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi sem ráðgjafi og síðar framkvæmdastjóri.

Áhrif á lífsgæði fólks

„Ég hef haft brennandi áhuga á sveitarstjórnarmálum og nærumhverfi mínu frá því ég var lítil stelpa og heimangangur á bæjarskrifstofunni í Hólminum. Ég vann hjá áhaldahúsinu í Stykkishólmi á sumrin sem krakki við að slá gras, losa stíflur, leggja þökur og margt fleira. Enda hef ég haft sérstakar taugar til áhaldahúsanna í þessum sveitarfélögum sem ég hef starfað fyrir. Framkvæmdir og framfarir í nærumhverfinu hafa alltaf heillað mig.

Það sem er svo heillandi við að starfa að sveitarstjórnarmálum er að sjá skjótan árangur verka sinna og áhrif góðra verka á almannaheill. Þetta snýst þegar öllu er á botninn hvolft um lífsgæði fólks. Þetta snýst um að ná árangri og sjá góða hluti verða að veruleika. Það getur einmitt gerst svo hratt í sveitarstjórnarmálum,“ segir hún.

Akureyri er hin borgin

Garðar H. Guðjónsson ræðir við Ásthildi Sturludóttur, bæjarstjóra á Akureyri, um stöðu sveitarfélagsins gagnvart höfuðborginni og ríkinu, áhrifin af veirufaraldrinum, rafræna þjónustu, sameiningu sveitarfélaga og fleira.

Landsbyggðarborgin

Ásthildi er hlutverk Akureyrar sem landsbyggðarborgarinnar hugleikið.

„Akureyri hefur frá öndverðu byggst upp sem miðstöð menningar, verslunar og þjónustu á Norðurlandi. Hér var byggður menntaskóli sem mótvægi við Lærða skólann í Reykjavík. Hér byggðist upp sterkt atvinnulíf og öflugt samfélag sem hefur bara styrkt stöðu sína á síðari árum. Tilkoma Háskólans á Akureyri gerbreytti til að mynda ásýnd bæjarins. Hér er afar blómlegt menningar- og listalíf, háskólasjúkrahús og öll þjónusta sem fólk þarf á að halda í daglegu lífi.

Við höfum til að bera allt sem þarf til að þjóna hlutverki okkar sem hin borgin á Íslandi. Enda sækja íbúar annarra sveitarfélaga allt vestur í Hrutafjörð og austur á firði hingað alls kyns þjónustu, bæði hjá Akureyrarbæ og öðrum þjónustuaðilum og fólk kemur víða að til að njóta menningar og lista. Við lítum á það sem hlutverk okkar að vera leiðandi á ýmsum sviðum þannig að íbúar alls Norðurlands njóti góðs af og jafnvel fólk austan af fjörðum,“ segir Ásthildur.



Ásthildur við opnun sýningar á verkum Lilý Erlu Adamsdóttur á Akureyrarvöku í ágúst 2020.



Klettaborgjir, þjónustukjarni fyrir fatlað fólk var vígður um mitt sumar 2020. Byggingin er hátt í 600 fermetrar og í henni eru 6 íbúðir auk sameiginlegs rýmis, garðs og starfsmannaaðstöðu.

Ljós. Kristófer Knutsen.

Milljarður í Covid-19

Akureyrarbær hefur ekki farið varhluta af áhrifum kórónuveirufaraldursins á rekstur sveitarfélaga. Það er mat sveitarfélagsins að höggið af hálfu veirunnar nemi um einum milljarði króna og segist Ásthildur reikna með að því verði meðal annars mætt með lántöku.

„Fjárhagsáætlun fyrir A-hluta bæjarsjóðs nemur 22 milljörðum króna á þessu ári svo áhrifin eru veruleg. Við höfum eins og mörg önnur sveitarfélög orðið fyrir margvíslegum tekjumissi og auknum útgjöldum en keyrum engu að síður starfsemina á fullri ferð. Laun eru um 70 prósent af rekstrarkostnaðinum og öllum kostnaði af þjónustu við bæjarbúa en við munum forðast í lengstu lög að draga úr þjónustu eða segja upp fólk. Þess í stað verður leitast við að auka tekjur, nota starfsmannaveltu til að fækka fólk og verkefnum, nýta tæknina betur, efla rafræna þjónustu og brúa bilið með lántöku,“ segir Ásthildur.

Nýir starfshættir til frambúðar

Þrátt fyrir neikvæð fjárhagsleg áhrif segir Ásthildur veiruna hafa opnað á margvísleg tækifæri til að breyta starfsháttum sveitarfélaga til frambúðar.

„Ástandið í vor gaf okkur einstakt tækifæri til að breyta starfsháttum og við eigum að nýta okkur það til frambúðar í stað þess að sækja aftur í gamla farið.

”

Þetta snýst þegar öllu er á botninn hvolft um lífsgæði fólks. Þetta snýst um að ná árangri og sjá góða hluti verða að veruleika. Það getur einmitt gerst svo hratt í sveitarstjórnarmálunum.

Það kom í ljós þegar kófið skall á að tæknin var ljósárúm á undan okkur hvað varðar fjarvinnu, fjarfundi og slíkt. Allt í einu var ýmislegt hægt sem margir höfðu áður fundið allt til foráttu. Öll starfsemi gekk upp þótt margir væru heimavinnandi. Við nýttum okkur þær lausnir sem í boði voru og ég líft svo á að við höfum breytt starfsháttum okkar til framtíðar. Notkun tækninnar sparar okkur bæði tíma og peninga og opnar á alls kyns ný tækifæri. Í raun og veru er allur heimurinn undir með notkun fjarskipta- og upplýsingatækni.

Við megum ekki festast í einhverjum hugsanafjötrum heldur verður að leita allra leiða til að verða framúrskarandi í þjónustu og einfalda starfshætti hjá sveitarfélaginu með hjálp þeirrar tækni sem þegar er í boði og virkar vel. Hér hjá okkur er fjarfundamenning komin til að vera. Meirihluti allra viðtala og funda hjá



Í mínum huga hníga öll rök að því að því að sveitarfélög sameinist og myndi stærri og öflugri stjórnsýslueiningar. Þannig verður rödd þeirra sterkari og þar með staða íbúanna. Þetta á ekki síst við um hagsmunagæslu sveitarfélaga gagnvart ríkinu.

Akureyrarbæ fer nú fram í gegnum Teams eða Zoom og það er að mínu mati bara til bóta. Fólk þarf þá til dæmis ekki að koma á skrifstofu bæjarstjóra til að bera upp sín mál heldur getur átt fund með mér í umhverfi þar sem því sjálfu líður vel. Við þjóðum viðtöl við sérfræðinga og annað starfsfólk í gegnum fjarfundabúnað en að sjálfsögðu getur fólk líka komið og hitt okkur ef það hentar betur. Íbúar hafa tekið þessu mjög vel. Þetta hentar fólki auðvitað misjafnlega en ég hef enn ekki hitt fólk sem ekki þiggur boð um fjarfund. Við missum vissulega ákveðna nánd með þessu fyrirkomulagi en kostirnir vega það upp og gott betur.

Á fjarfundum hafa allir jafnt tækifæri til að taka þátt. Það er líklegt til að auðvelda til dæmis konum að vera virkari í lýðræðislegu starfi. Og fólk á auðveldara með það gagnvart vinnuveitanda að sækja fundi án þess að yfirgefa vinnustaðinn. Þetta snýst líka um jafnrétti gagnvart fólkinu í jaðarbyggðum sveitarfélagsins svo sem í Hrísey og Grímsey. Fólk þar á miklu auðveldara með að taka þátt í fundum með þessu sniði,“ segir hún.

Rafræn þjónusta í vexti

Akureyrarbær leggur mikla áherslu á þróun rafrænnar þjónustu og veirufaraldurinn hefur að sögn Ásthildar hvatt til enn frekari þróunar á því sviði. Unnt er að nálgast mestan hluta

eyðublaða sveitarfélagsins á netinu og stefnt er að stórauðri sjálfsafgreiðslu í gegnum netið.

„Með samhentu átaki hefur okkur tekist að koma velflestum eyðublöðum sem snerta þjónustu sveitarfélagsins yfir á svonefnda þjónustugátt á heimasíðu Akureyrarbæjar. Þannig getur fólk í rauninni afgreitt sig sjálft og síðan fylgst með framgangi sinna mála. Þetta er til mikils hæggðarauka fyrir bæði starfsfólkið og þá sem nýta sér þjónustuna. Þessi þróun rafrænnar stjórnsýslu hefur að sjálfsögðu kostað sitt en hún leiðir til mikils sparnaðar og mun borga sig upp á skömmum tíma.“

Sveitarfélögin vinni saman

Ásthildur tengir þessa þróun einnig við samstarf og sameiningu sveitarfélaga. Hún telur að möguleikarnir í rafrænum samskiptum muni auðvelda samstarf og sameiningu sveitarfélaga.

„Það er ekki spurning í mínum huga að við eigum að stuðla að sameiningu sveitarfélaga eftir því sem kostur er og tæknin auðveldar okkur það til muna. Við verðum að hafa í huga að við förum með opinbert fé og eigum að fara eins vel með það og okkur er unnt, mun betur en við gerum nú. Margvísleg samskipti okkar og samstarf við nágrannasveitarfélögin eru nú mun auðveldari en áður og það er í

mínum huga afsprengi veirufaraldursins. Við eigum að ganga eins langt og við getum í samvinnu og sameiningu sveitarfélaga. Sveitarfélög eiga að mínu mati að taka sig saman við val á ýmsum rafrænum kerfum, fjárhagskerfum, upplýsingakerfum, skjalavistun og fleiru. Það auðveldar samvinnu og sameiningu síðar meir ef kerfin tala saman en ekki síður er ég sannfærð að mikill sparnaður geti orðið af sameiginlegum innkaupum.

Hér komum við aftur að hlutverki stóru sveitarfélaganna gagnvart þeim smærri. Þau eiga að vera leiðandi í þessari þróun en smærri sveitarfélögin eiga að taka þátt og njóta góðs af. Allt mun þetta leiða til þess að lækka kostnað við rekstur sveitarfélaga og það er ekki síst mikilvægt á þeim tímum sem við lifum nú.

Við eigum að mínu mati að horfa til Eistlands í þessu sambandi. Eistar þurftu á sínum tíma að byggja upp alla innviði nánast frá grunni og völdu að fara rafrænu leiðina í því. Þar er mannahald í stjórnsýslu í lágmarki en hún er að sama skapi mjög tæknivædd. Eistar eru í fararbroddi á heimsvísu í þessum efnum og þangað eigum við að leita.“

Stærri og öflugri einingar

Akureyrarbær veitir öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð margvíslega þjónustu, svo sem á sviði velferðar og menntunar.



Grímsey séð úr lofti.

Ljós: Kristófer Knutsen

Akureyrarbær er ekki aðili að viðræðum um sameiningu sveitarfélaga en Ásthildur segist mjög áfram um að sveitarfélög stækki og myndi fleiri sterkar einingar til mótvægis við höfuðborgarsvæðið.

„Það er eitt af hlutverkum okkar sem höfuðstaðar að veita þjónustu og styðja við nágranna okkar og við eigum gott samstarf við þá. Í mínum huga hníga öll rök að því að sveitarfélög sameinist og myndi stærri og öflugri stjórnsýslueiningar. Þannig verður rödd þeirra sterkari og þar með staða íbúanna. Þetta á ekki hvað síst við um hagsmunagæslu sveitarfélaga gagnvart ríkinu. Ég finn til dæmis mikinn mun á minni stöðu gagnvart ríkinu frá því ég var bæjarstjóri í Vesturbyggð. Fyrir vestan var maður bara settur á biðlista ef maður átti erindi við stjórnsýsluna fyrir sunnan en bæjarstjórnin á Akureyri er í allt annarri stöðu. Ég þekki það líka frá árunum fyrir vestan að sameining sveitarfélaga gengur ekki endilega vandræðalaust fyrir sig en enginn er þó að tala um að fara í fyrra horf. Þetta tekur bara tíma og er spurning um hugarfar. Þegar kreppir að eins og nú eykst krafan um að nýta hverja krónu betur og ein leið til þess er að fækka stjórnsýslueiningum og stækka þær,“ segir Ásthildur.

Tregðan hjá ríkinu

Samskipti sveitarfélaga við ríkið einkennast að mati Ásthildar allt of mikið af tregðu af hálfu ríkisins. Samskiptin séu þung í vöfum og allt of margir komi að einstökum málum, jafnvel þar sem um litla tilfærslu fjármuna er að ræða.

„Við mætum oft en ekki talsverðri stífnu af hálfu ríkisins miðað við þá fjármuni sem þarna eru undir. Ég hef í raun aldrei getað skilið þessa tregðu ríkisvaldsins í samskiptum við sveitarfélögin. Maður skynjar góðan hug en þegar til kastanna kemur þá er stundum eins og maður sé staddur í sjónvarpsþáttunum „Já, ráðherra“. Þegar kemur að fjármálum er viðkvæðið alltaf það sama, sveitarfélögin eru alltaf undir þrýstingi um að draga saman á meðan stjórnsýslan á höfuðborgarsvæðinu þenst út. Við erum í stöðugri varnarbaráttu og samskiptin við ríkisvaldið eru erfiðari eftir því sem fjær dregur höfuðborgarsvæðinu og

sveitarfélögin eru smærri. Stundum er eins og hljóð og mynd fari ekki saman í umræðunni um að efla byggðir landsins.

Þessi staða er fyrir mér enn ein röksemdin fyrir þróun og eflingu rafrænnar þjónustu og samstarfi og sameiningu sveitarfélaga. Við eigum líka að þrýsta í mun meira mæli á opinber störf án staðsetningar. Þá er ég ekki að kalla á einhverja hreppaflutninga stofnana hingað norður heldur að fólk geti starfað fyrir ríkið en valið sér búsetu, til dæmis hér á Akureyri,“ segir Ásthildur.



Sundlaugin á Akureyri er jafnan vel sótt, sérstaklega um sumartímann þegar sólin skín.



Við erum í stöðugri varnarbaráttu og samskiptin við ríkisvaldið eru erfiðari eftir því sem fjær dregur höfuðborgarsvæðinu og sveitarfélögin eru smærri. Stundum er eins og hljóð og mynd fari ekki saman í umræðunni um að efla byggðir landsins.

Hjúkrunarheimilin dýr

Mikil umræða hefur að undanförunu verið um þátttöku sveitarfélaga í rekstri hjúkrunarheimila en Akureyri reið á vaðið í þeim efnum og sagði sig frá rekstri öldrunarheimilanna í bænum. Ríkið tekur við rekstrinum um næstu áramót og þar með lýkur áralangri meðgjöf bæjarins til rekstursins.

„Þessi rekstur er ekki lögbundið verkefni sveitarfélaga en við höfum engu að síður greitt um einn og hálfan milljarð með rekstrinum á undanförunum árum. Sveitarfélögin hafa óneitanlega brennt sig ítrekað á því að taka yfir verkefni frá ríkinu. Það kemur iðulega í ljós við yfirtöku verkefna að viðkomandi málaflokkur hefur oft og tíðum verið fjársveltur og forsendur samninga rangar.

Við greiðum líklega 500 milljónir með rekstri öldrunarheimilanna á þessu ári og munar um minna. Við bjuggum hins vegar

svo um hnútana að þjónusta mun ekki skerðast við yfirtöku ríkisins á rekstrinum. Þarna þarf einfaldlega að uppfylla ákveðin viðmið um þjónustu, starfsfólkið verður það sama og þjónustustigið á ekki að breytast,“ segir Ásthildur.

Framúrskarandi skólar

Ásthildur telur að metnaður í skólumálum sé lyklatriði í því að efla sveitarfélag sem búsetukost. Þegar fólk velji sér búsetu sé



Benedikt Árni Birkisson fæddist 20. júlí á Akureyri og var samkvæmt íbúaskráningu 19.000. íbúi sveitarfélagsins. F.v. Halla Björk Reynisdóttir, forseti bæjarstjórnar Akureyrarbæjar, Birkir Rafn Júlíusson, Aþena Sif Birkisdóttir, Kristjana Árnadóttir og Benedikt Árni í fangi Ásthildar bæjarstjóra.

ekki nóg að það hafi vinnu, fólk vilji líka að börnin njóti bestu menntunar sem völ er á.

„Við höfum nýlega sett okkur menntastefnu sem gerir ráð fyrir að skólarnir okkar séu ekki bara góðir heldur framúrskarandi. Þar horfum við til framtíðar og tökum okkur stöðu með leik- og grunnskólunum okkar. Þeir eru vissulega góðir en við stefnum að því að skara fram úr í menntamálum. Við erum með eitt hæsta hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna í leik- og grunnskólum á

landinu. Við höfum yfirleitt ekki verið í vandræðum þegar kemur að mönnum skólanna og gæðin í skólastarfi eru mikil. Skólarnir eru eftirsóttir vinnustaðir og við erum svo heppin að stjórnendur í leik- og grunnskólum eru miklir og góðir leiðtogar.

En við viljum gera enn betur með nýjum starfsháttum og stuðningi við starfsfólk. Það er okkar hlutverk að annast menntun barnanna í bænum og það ætlum við að gera með framúrskarandi hætti. Það verður eitt helsta tromp okkar þegar kemur að fjölgun íbúa,“ segir hún.

Akureyringar aldrei fleiri

Þegar Sveitarstjórnarmál ræddu við Ásthildi vildi einmitt svo til að fréttir bárust af því að íbúar á Akureyri hafi aldrei verið fleiri en einmitt um þessar mundir. Þeir urðu nýlega í fyrsta sinn 19.200 talsins.

„Þetta eru vissulega ánægjuleg tíðindi. Hér hafa verið mikil umsvif á byggingamarkaði svo húsnæði er ekki af skornum skammti. En það er miklu fleira fólk í bænum en þessar tölur gefa til kynna því fjöldi fólks á sér annað heimili hér á Akureyri og dvelur hér hluta úr ári án þess að hafa hér lögheimili. Svo má ekki gleyma því að bara í næsta nágrenni við okkur búa um þrjú þúsund manns sem sækja verslun og þjónustu á Akureyri og njóta þess að búa í grennd við hina borgina. Loks má minna á að við háskólann og framhaldsskólana stundar mikill fjöldi fólks nám meirihluta ársins en á ef til vill lögheimili annars staðar. Þannig að samfélagið er miklu stærra en þessar opinberu tölur um íbúafjölda segja til um.

Ég held að skýringin á fjölgun íbúa felist aðallega í því að Akureyri er þekkt fyrir mikil lífsgæði íbúa. Skólarnir okkar eru góðir, hér er háskólasamfélag og öll þjónusta fyrir hendi. Sem sagt allt sem þarf til að íbúar bæjarins og í nágrennasveitarfélögum geti átt gott líf,“ segir Ásthildur.

Við setjum nýjan svip á innheimtu

Fjöldi sveitarfélaga nýtir sér þjónustu Inkasso

Góður árangur í innheimtu

SVEITARFÉLÖG

Inkasso sérhæfir sig í þjónustu við sveitarfélög með það að markmiði að lækka álögur á íbúa.

- Minni kostnaður vegna vanskila fyrir fyrirtæki og íbúa í sveitarfélaginu.
- Meiri sveigjanleiki fyrir greiðendur.
- Liprari stjórn krafna í innheimtu fyrir starfsmenn sveitarfélagsins.
- Engin gjöld vegna niðurfellinga, skráninga eða afturkallana.





Tækifæri í nýjum veruleika

Óvissa og breytingar blasa við í dag en þá er mikilvægt að horfa til framtíðar og endurhugsa starfsemina í nýjum veruleika.

Peir sem geta aðlagð sig breytingum standa frammi fyrir raunverulegum tækifærum. En hvar skal byrja? Hjá KPMG starfa sérfræðingar sem aðstoða fyrirtæki við að fóta sig og mæta nýjum veruleika.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu félagsins eða í síma 545 6000.





Ásthildur er hér lengst til vinstri ásamt konum sem skörtuðu mismunandi gerð þjóðbúninga við 17. júní hátíðahöldin sl. sumar.

Mannlegu samskiptin eru mikilvægust



Gengið á Sútur.

Ásthildur hefur á undanförunum tíu árum tekið að sér að vera bæjarstjóri í tveimur samfélögum sem hún hafði aldrei búið í áður. Hún segir að viðtökurnar hafi í báðum tilvikum verið mjög góðar og henni hafi reynst auðvelt að aðlagast þessum ólíku samfélögum.

„Vesturbyggð og Akureyri eru sannarlega ólíkir staðir. Vesturbyggð er sérstök og Vestfirðingar dásamlegt fólk. Þeir geta verið dálítið hrjúfir en duglegir og eru gott og hjartahlýtt fólk. Það tók mig enga stund að verða hluti af samfélaginu fyrir vestan.

Hér á Akureyri hefur mér að sama skapi verið tekið opnum örmum. Samfélagið er auðvitað talsvert frábrugðið því fyrir vestan. Ég hef ekki fundið fyrir því að vera aðkomumanneskja á Akureyri. Þvert á móti finnst mér ég vera eins og heima hjá mér því mannlífið er svo líkt mannlífinu í Stykkishólmi þar sem ég ólst upp. Bara stærra í sniðum. Akureyri og Stykkishólmur byggjast báðir upp af sögu og hefðum, danskir bæir sem hafa gegnt því hlutverki að vera miðstöð verslunar og opinberrar þjónustu í héraði,“ segir Ásthildur.

Daglega lífið flókið

En hvort starfið skyldi hafa tekið meira á?

„Það er miklu erfiðara að vera bæjarstjóri í litlu samfélagi. Það reynir svo ofboðslega á mann sem einstakling. Það eru kannski ekki allir tilbúnir að segja það en slíkt starf getur verið mjög erfitt og flókið. Starfið hér á Akureyri er miklu annasamara en um leið auðveldara. Hér er allt í mun fastari skorðum og stjórnsýslan öflugri.“

Ásthildur fór reynslunni og heilli fjölskyldu ríkari frá Vesturbyggð til Akureyrar. Hún kynntist Hafþóri Jónssyni eiginmanni sínum fyrir vestan og á nú stjúpson og unga dóttur. Hafþór er útgerðarmaður með rekstur á Akureyri og Patreksfirði.

Hvernig gengur að láta langan vinnudag og fjölskyldulíf ganga upp?

„Það getur verið flókið. Það er ekki eins og þegar pabbi var bæjarstjóri um árið og mamma var heima með okkur systkinin og heimilið. Fjölskyldur okkar búa ekki hér á staðnum svo við höfum

ekkert fjölskyldunet að styðjast við. Svo er Hafþór talsvert í burtu vegna vinnu sinnar. Við ákváðum því þegar við fluttum hingað að hafa au-pair á heimilinu til að láta hlutina ganga upp.

Þetta snýst um að skipuleggja sig vel, vinna verkin sín á vinnutíma og fara svo heim, hvíla sig og safna kröftum fyrir næsta vinnudag. Stundum næ ég að klára vinnudaginn um klukkan 16 svo ég geti sótt dóttur mína í leikskólann. Hins vegar er alltaf mikil viðvera um helgar. Það er svo margt um að vera á Akureyri og sem bæjarstjóri tekur maður þátt í því eins og maður getur og treystir sér til.“

Slakar á með þrjónaskapnum

Gerirðu eitthvað sérstakt til að slaka á og safna kröftum eftir langan vinnudag?

„Ég slaka á með því að vera með fjölskyldunni. Bara það að fara í búð og elda mat er ákveðin slökun. Svo þrjóna ég og sauma og það er besta slökunin. Við hittumst nokkrar konur einu sinni í viku og sitjum saman við að sauma þjóðbúninga. Ég er sjálf að sauma mér faldbúningspils og hef mjög gaman af. Svo fer ég á skíði á veturna og á sumrin veiðum við lax og silung. Það hefur alltaf verið okkar sport.“



Að elda mat segir Ásthildur vera ákveðna slökun. Hér er franskur réttur í undirbúningi.



Ásthildur ásamt Hafþóri Jónssyni, eiginmanni sínum, og Lilju Sigríði dóttur þeirra við Hjartað í miðbænum.

Ásthildur segist hafa öðlast mikla reynslu af starfinu fyrir vestan sem nýtist henni sem bæjarstjóri Akureyrarbæjar.

„Það var geysilega góður skóli sem ég bý að nú. Maður öðlast smám saman mikla þekkingu á því sem snýr að rekstri sveitarfélaga en þó ekki síður mannlegu eðli. Þetta starf snýst allt um fólk og samskipti við það og að hafa gríðarlegan metnað fyrir samfélögin sem þú vinnur fyrir. Ég er með BA-próf í stjórn málafræði og MPA í opinberri stjórnsýslu frá PACE University í New York og menntunin nýtist vel í starfi. Það er upp að vissu marki hægt að kenna fólki að vera bæjarstjóri. En mannlegi þátturinn er geysilega mikilvægur. Maður þarf að vera lipur í samskiptum við fólk. Þú kemst ekki langt með því að vera stífur

og þver, þó svo að það þurfi að fylgja aðeins með. Bæjarstjóri þarf að mæta fólki fordómalaust og vera mannasættir. Samstarfið í bæjarstjórn hefur gengið frábærlega vel og ég er mjög stolt af fólkinu sem ég vinn með. Mér finnst ég vera mjög heppin manneskja að vera í svona hópi.“

Hefurðu hugsað þér að gera starf bæjarstjóra að ævistarfi?

„Maður veit aldrei en ég hugsa samt að svo verði ekki. Það kemur að því að maður vill prófa eitthvað annað. Ég myndi líka gjarnan vilja geta sinnt börnunum betur. Það skiptir ekkert meira máli í lífinu en að geta hugsað vel um börnin sín,“ segir Ásthildur.

„Á hvaða róli erum við með skólann?“

Samband Íslenskra sveitarfélaga minnir á morgunverðarfund um skólamál sem haldinn verður mánudaginn 12. október nk. Fundurinn verður í beinni útsendingu á vefsíðu sambandsins en unnt verður að senda inn fyrirspurnir í gegnum Slido forritið, [#1210](http://www.slido.com).

Áfram verður þráðurinn spunninn í kjölfar Skólaþings sveitarfélaga 2019 á öðrum morgunverðarfundum sambandsins um framtíðarskipan skólamála.



Fjármálaráðstefna sveitarfélaga án fordæma



Sigurður Á. Snævarr
sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga hefur verið haldin óslitið frá árinu 1965. Hún hefur vaxið, dafnað og unnið sér sess sem einn mikilvægasti vettvangur sveitarstjórnarfólks á Íslandi. Maður er manns gaman og í tengslum við ráðstefnuna hafa ýmsir hópar efnt til fagnaða. Menn, sem eru líka konur, sýna sig og sjá aðra.

Í fyrra sóttu ráðstefnuna 480 manns víðs vegar að af landinu og hafa ráðstefnugestir aldrei verið fleiri. Mörg undanfarin ár hefur ráðstefnumat verið lagt fyrir gesti. Skemmst er frá því að segja að almenn ánægja hefur verið með ráðstefnuna og 94% þátttakenda voru ánægðir eða mjög ánægðir með ráðstefnuna í fyrra. Ráðstefnumatið hefur líka skilað ýmsum gagnlegum ábendingum sem við höfum tekið tillit til eftir föngum.

Ýmsar útgáfur á teikniborðinu

Covid-19 hefur haft áhrif á ráðstefnuhald um allan heim og er fjármálaráðstefna sveitarfélaga engin undantekning þar frá. Ýmsar útgáfur af fjármálaráðstefnu hafa verið á teikniborðinu og lagðar fyrir stjórn sambandsins. Lengi vel vonuðumst við til að geta efnt til hefðbundinnar ráðstefnu en önnur bylgja faraldursins gerði útslagið og niðurstaðan varð að fjármálaráðstefna 2020 verður því miður ekki í „mannheimum“ heldur á netinu. Það er töluverð áskorun að halda ráðstefnu í netheimum, jafnvel þótt við höfum flest öðlast töluverða færni í fjarfundum og margar ráðstefnur leitað skjóls í netheima.

Undanfarin ár hefur fjármálaráðstefnan staðið í hálfan annan dag, alls 8 klst. að frádregnum matar- og kaffihléum, með um 40 fyrirlestrum og fjórum málstofum seinni daginn. Fyrirkomulagið verður með öðrum hætti að þessu sinni, enda vonlítið að fólk hafi einbeitingu til að hlusta á fyrirlestra um fjármál í langan tíma í fjarfundabúnaði. Við gerum ráð fyrir – enginn vísindi þar að baki – að einbeitingin dugi í u.þ.b. 2 klukkustundir.

Dagana 1. og 2. október bjóðum við upp á nokkuð hefðbundna dagskrá í hátt við fyrri dag ráðstefna undanfarinna ára. Tvo tíma hvorn daginn. Dagskrána – með fyrirvara um breytingar - má sjá á bls 29. Ráðstefnan verður öll á „súm“ (ZOOM) og reiknað með að fyrirspurnar tæki sem þar er að finna verði notað.

Málstofur á föstudögum í október

Boðið hefur verið upp á málstofur næstu vikur á eftir um fjármál sveitarfélaga og ýmislegt því tengt. Fara þær fram í gegnum fjarfundaforritið Teams. Málstofurnar verða haldnar hvern föstudag í október kl. 9-11 og hugsanlega fram í nóvember.

Dags.	Umfjöllunarefni
09.10	Fjárhagsáætlanir.
16.10	Upplýsingar sem gagnast við fjárhagsáætlanagerð.
23.10	Fjármögnun, skuldabréf græn og önnur og um þróun vaxta.
30.10	Rekstur m.a. um opinber innkaup, rekstur hjúkrunarheimila og stjórnunaraðferðir.

Í nóvember verða allir slakir og búið að leggja fram fjárhagsáætlun. Þá er hugmyndin að halda áfram og ræða um sveitarstjórnarstigið og fjármál þess, m.a. um tillögur að breytingum á ákvæðum sveitarstjórnarlaga um fjármál og um samrekstur sveitarfélaga.

Skráning á fjármálaráðstefnuna 2020 fer fram á vefnum www.samband.is og þar er einnig að finna endanlega dagskrá ráðstefnunnar og málstofa sem haldnar verða í október.

VELKOMIN Á FJÁRMÁLARÁÐSTEFNU SVEITARFÉLAGA 2020. HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR.



Dagskrá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2020

Fimmtudagur 1. október 2020

10:00	Setningarræða Aldís Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga.
10:20	Ávarp Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.
10:40	<i>Fyrirspurnir og umræður.</i>
11:10	Áhrif COVID-19 á sveitarfélög og ríki Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands Íslenskra sveitarfélaga.
11:30	Efnahagshorfur 2020-2022: Þetta er ekki búið Erna Björg Sverrisdóttir, aðalhafgræðingur Arionbanka.
11:50	<i>Fyrirspurnir og umræður.</i>

Föstudagur 2. október 2020

10:00	Afkoma sveitarfélaga – horfur til næstu ára Sigurður Á. Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins.
10:20	Horfur á vinnumarkaði Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnumálastofnunar.
10:40	Breyttir starfshættir sveitarfélaga Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri.
11:10	<i>Fyrirspurnir og umræður</i>
11:30	Ávarp Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.
11:50	<i>Fyrirspurnir og umræður.</i>

Teams fundir á föstudögum í október

Áskoranir og fjárhagsáætlanir

9. október 2020

Fjármögnun

23. október 2020

Upplýsingar

16. október 2020

Rekstur

30. október 2020

Við erum í skýjunum!

Við óskum þeim fjölmörgu sveitarfélögum sem eru í áskrift í skýinu til hamingju með með nýja útgáfu af Sveitarstjóra 14.

Hafnasamband Íslands

Veigamikil áhrif Covid-19 á afkomu hafna



Sesselía Dan Róbertsdóttir
hagfræðinemi og sumarstarfsmaður hjá
Hafnasambandi Íslands

Líkt og fram kemur í skýrslu um stöðu hafnarsjóða, sem hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur tekið saman á ári hverju fyrir Hafnasamband Íslands er ljóst að Covid-19 faraldurinn mun hafa veigamikil áhrif á fjárhagsleg umsvif og stöðu hafnarsjóða á árinu 2020.

Heildartekjur hafnarsjóða árið 2019 námu 10.468 m.kr. Hluttur Faxaflóahafna var um 40% af þeirri upphæð en Faxaflóahafnir eru langstærsti hafnarsjóðurinn að rekstrarumfangi. Næst Faxaflóahöfnum að stærð eru Fjarðabyggðarhafnir með um 10% af heildartekjum. Blönduóshöfn er minnst hafnarsjóða og skilaði 33 þús. kr. tekjum 2019.


Þessi stærðardreifing hefur í för með sér að áhrif stóru hafnarsjóðanna á heildina og meðaltöl eru mjög mikil og gefa ekki endilega raunsanna mynd af stöðu hafnarsjóða almennt. Til að mynda hafa stórir hafnarsjóðir með miklar tekjur hlutfallslega litlar tekjur af aflagjöldum en þær tekjur námu um 19% af heildartekjum ársins að meðaltali. Vörugjöld voru rúmlega 24% af tekjum hafnarsjóða en líkt og komið hefur fram er nokkuð mismunandi hvert vægi tekna af vörugjöldum er í einstökum hafnarsjóðum.

Fimmtán hafnarsjóðir höfðu tekjur af komum skemmtiferðaskipa á árinu 2019,

alls 1.388 m.kr. eða 13,3% af tekjum hafnarsjóða í heild. Þessar tekjur hafa vaxið undanfarin ár og til samanburðar má nefna að þær námu 560 m.kr. árið 2015 og 473 m.kr. 2014. Hafnasamlag Norðurlands hefur hlutfallslega mestar tekjur af skemmtiferðaskipum og er áætlað að þær hafi numið rúmlega 48% af tekjum samlagsins. Þá eru þessar tekjur drjúgar fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar en þær nema 45% af tekjum ísfirsku hafnanna. Skipakomum fjölgaði verulega á árinu 2019 eða um 142 skip og farþegum fjölgaði um rúmlega 21%.

eru hafnarsjóðir sem byggja meirihluta sinna tekna á komum skemmtiferðaskipa, fjórir þeirra á tekjum af vörugjöldum og tveir á tekjum af aflagjöldum. Af þeim 28 hafnarsjóðum sem svöruðu könnuninni voru 17 sem ekki gerðu ráð fyrir stórfelldum samdrætti vegna Covid-19.

Covid-19 hefur nú þegar haft veigamikil áhrif á tekjur hafnarsjóða og þá helst tekjur af skemmtiferðaskipum. Áætlað var að skipakomum árið 2020 myndi fjölga um 15% frá fyrra ári en ljóst er að svo var ekki. Þeir hafnarsjóðir sem tóku þátt í könnuninni áætla tekjufall



Mynd 1: Viðbrögð hafnarsjóða við tekjufalli vegna Covid-19.

Áhrif Covid-19 á hafnarsjóði

Útlit er fyrir að afkoma hafnarsjóða árið 2020 verði ekki eins góð og árið 2019. Efnahagslíf Íslands á undir högg að sækja vegna Covid-19 og eru hafnarsjóðir ekki undanskildir þar. Hafnasambandið, í samvinnu við hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga óskaði eftir svörum við könnun um áhrif Covid-19 á hafnarsjóði. Könnunin var lögð tvívegis fyrir, í júní og ágúst 2020 og er hluti af skýrslu hafnasambandsins um fjárhag hafna 2019 sem verður birt í heild á næsta hafnasambandsþingi.

Af þeim 34 hafnarsjóðum sem eiga aðild að Hafnasambandi Íslands voru 28 sem svöruðu könnuninni. Þar af höfðu tíu hafnarsjóðir brugðist við tekjufalli vegna Covid-19 á einhvern hátt. Fjórir þeirra

vegna Covid-19 nema um 28% af tekjum þessa sjóða árið 2020. Tekjufall vegna skemmtiferða vegur þar rúmlega 60% af heildar tekjufalli.

Efnahagshrunið 2008 og Covid-19

Efnahagshrunið árið 2008 hafði margvísleg áhrif á hafnarsjóði landsins. Áhugavert er að bera saman fjárhagsstöðu hafnarsjóða fyrir og eftir hrun og fyrir Covid-19.

Fyrir hrun höfðu hafnir lengi glímt við fjárhagserfiðleika og almennt lélegan rekstrargrundvöll. Árið 2009 gaf Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið út ítarlega skýrslu um fjárhagsvanda hafna og þar kemur m.a. fram að fjórar af hverjum fimm höfnum landsins voru reknar með tapi, skuldahlutfall



Bráðabirgðagreiðslumat á vefnum

REIKNADU DÆMIÐ hjá Brú

Sjóðfélögum okkar bjóðast fjölbreytt lán til íbúðakaupa, viðhalds á húsnæði eða endurfjármögnunar.

Núna er hægt að gera bráðabirgðagreiðslumat á heimasíðu okkar, www.lifbru.is/greidslumat, þar sem þú getur séð áætlaða greiðslugetu á mánuði. Gagnlegt er að nota niðurstöðu greiðslumatsins við notkun á lánareiknivélinni til að bera saman lán og lánakosti sem bjóðast.


**Kynntu þér lánaframboð okkar
og við hlökkum til að heyra frá þér.**





Komum skemmtiferðaskipa til Seyðisfjarðarhafnar árið 2020 fækkaði umtalsvert frá árinu 2018 þegar þessi mynd var tekin.

Ljósmynd. Ingibjörg Hinriksdóttir



Mynd 2: Áætlað tekjufall hafnarsjóða í m.kr.

hafnarsjóða var lágt og tekjustofnar voru ekki full nýttir. Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 hækkaði fjármagnskostnaður og kostnaður við daglegan rekstur hafnarsjóða ásamt erlendum lánnum. Hlutfall skulda af heildartekjum árið 2007 var 217% en árið 2009 hækkaði hlutfallið í rúmlega 270%.

Áhrif Covid-19 á hafnarsjóði munu einna helst koma fram í lægri tekjum og vænta má að tekjur af skemmtiferðaskipum árið 2020 verði litlar sem engar. Covid-19 hefur einnig haft töluverð áhrif á inn- og útflutning. Verðmæti inn- og útflutnings hérlandis var mun lægra á öðrum ársfjórðungi samanborið við árið áður og dróst saman um rúm 30% á milli ára. Útflutningsverðmæti ferðaþjónustu vegur þar mest. Einnig var mikil lækun


Áhrif Covid-19 á hafnarsjóði munu einna helst koma fram í lægri tekjum og vænta má að tekjur af skemmtiferðaskipum árið 2020 verði litlar sem engar.

í útflutningi á sjávarafurðum og þá dróst vöruinnflutningur saman um tæpan þriðjung.

Á mynd 3 má sjá skuldastöðu, rekstrarniðurstöðu og framlegð hafnarsjóða fyrir og eftir hrun og árið 2019. Rekstrargrundvöllur hafna var í heildina litið betri árið 2019 en árið 2007. Skuldastaða var töluvert lægri, tekjur hærri og rekstrarniðurstaðan betri.

Efnahagshrunið 2008 og covid-19 eru frábrugðin áföll að ýmsu leyti. Hrunið hafði veigamikil áhrif á skuldir en áhrif covid-19 hafa hingað til aðallega komið fram í lægri tekjum. Hafa þer einnig í huga að aðgerðir Seðlabanka í hruninu

og nú vegna covid-19 eru mismunandi. Seðlabanki Íslands leitaðist við að hækka stýrivexti í efnahagshruninu til þess að koma gjaldeyrisviðskiptum í eðlilegt horf og styðja við gengi krónunnar. Stýrivextir voru hæstir 18% í október 2008. Síðustu mánuði hefur Seðlabankinn hins vegar lækkað stýrivexti töluvert til þess að slaka á taumhaldi peningastefnunnar í ljósi versnandi efnahagshorfa. Í júlí 2020 voru stýrivextir Seðlabankans aðeins 1%. Endanleg áhrif covid-19 hafa þó enn ekki komið fram og töluverð óvissa ríkir með framhaldið.



Mynd 3: Fjárhagsstaða hafna 2007, 2009 og 2019.

Reynsluverkefni um íbúasamráð að ljúka



Anna Guðrún Björnsdóttir
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Í handbókinni eru veittar leiðbeiningar um hvernig samþætta má íbúasamráð inn í ákvörðunartökuferla og beita markvissum aðferðum til að ná til þeirra hópa sem ákvörðun snertir, sérstaklega hópa sem ella myndu ekki taka þátt.

Til viðbótar við Akureyrarbær, voru Kópavogsbær, Norðurþing og Stykkishólmsbær valin til þátttöku á grundvelli umsókna. Sveitarfélögin völdu sér samráðsefni og fengu stuðning frá ráðgjöfum Alta og sérfræðingum frá sænska sveitarfélagasambandinu til beita þeim samráðsaðferðum sem lýst er í handbókinni í raunverulegum aðstæðum. Akureyrarbær valdi samráð við börn og ungmenni um breytingu á leiðakerfi Strætó til að auka notkun þeirra og bæta þjónustuna. Kópavogsbær valdi samráð við börn og ungmenni um hvernig þau geti komið meira að málefnum sveitarfélagsins með skírskotun til 12. gr. barnasáttmálans. Stykkishólmsbær valdi samráð um uppbyggingu á leiksvæðum bæjarins og Norðurþing samráð um uppbyggingu á íþróttastarfsemi í sveitarfélaginu.

Sænsk leiðsögn í þremur vinnustofum

Haldnar voru þrjár vinnustofur þar sem sænsku sérfræðingarnir, sem hafa komið að hliðstæðum verkefnum með sænskum sveitarfélögum, voru með kynningar og veittu leiðsögn. Á milli vinnustofanna voru sérfræðingar Alta sveitarfélögum til halds og trausts, s.s. varðandi mótun markmiða fyrir samráðið, afmörkun samráðsspurninga, greiningu á hagsmunaaðilum, gerð samráðs- og upplýsingaáætlana, skipulagningu samráðsviðburða og endurgjöf til þátttakenda.

Covid hafði aðeins áhrif til seinkunar á samráðsviðburðum sumra sveitarfélaganna og síðustu vinnustofuna varð að halda á netinu sem gekk reyndar ágætlega.

Sambandið og Akureyrarbær fengu í lok árs 2018 styrk frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að fara í reynsluverkefni um íbúasamráð. Markmið verkefnisins var að byggja upp þekkingu í sveitarfélögum á því hvernig hægt sé að beita þeim samráðsaðferðum sem kynntar eru í handbók sambandsins um íbúasamráð frá 2017.

Mastersnemi í opinberri stjórnsýslu, Gabriela Maria Skibinska, fylgdist með verkefninu, gerði kannanir meðal þátttakenda í gegnum allan ferillinn og skrifaði síðan mastersritgerð um verkefnið.

Í megindráttum er mikil ánægja með verkefnið og sveitarfélögin telja sig hafa lært mikið af því. Ef draga á saman lærdóminn í tvö orð þá eru þau að góður undirbúningur og upplýsingamiðlun er lykillinn að árangursríku íbúasamráði.

Málþing 9. nóvember

Nú er komið að því að miðla reynslu sveitarfélaganna fjögurra til annarra sveitarfélaga. Fyrsta skrefið til þess verður málþing á netinu 9. nóvember nk. Þar munu þátttökusveitarfélögin kynna verkefni sín og hvað þau lærðu. Sænsku sérfræðingarnir munu kynna hvernig hægt er að vinna að því að rótfesta íbúasamráð í sveitarfélögum. Hið endanlega markmið þarf nefnilega að vera það að skapa samráðsmenningu þannig að íbúasamráð sé fastur og sjálfsagður þáttur í ákvörðunartökuferlum um mál sem skipta íbúana máli.



Direkta

LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

Áratuga reynsla á sviði fasteignaréttar.
Sérþekking sparar tíma.



Ávinningur aukinnar sjálfvirkni- væðingar í þjónustu sveitarfélaga



Fjóla María Ágústsdóttir
breytingastjóri stafrænnar þróunar hjá
Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Við erum öll til í að þurfa ekki að fara út um alla bæ með pappírsgögn, bíða í biðröð, skrifa undir fjölmörg skjöl og bíða loks eftir niðurstöðu máls. Ef okkur finnst biðin of löng, þá tökum við kannski

upp símann, og lendum þar í næstu biðröð „Þú ert númer sjö í röðinni!“. Þessi biðmenning tekur mikið af verðmætum tíma íbúa og fyrirtækja, auk þess sem pappírsumstang og síendurtekna leiðbeiningar og sísvörun getur tekið upp stóran hluta af vinnutíma starfsfólks. Við könnumst öll við þetta, þetta er óhagkvæmt og það er enginn að nenna þessu.

Heimsfaraldurinn COVID-19 hefur hrundið af stað kröfu um endurhönnun á þjónustu í takt við möguleika nýrrar tækni, nokkuð sem við höfum getað slegið á frest vegna stuttra fjarlægða og fámennis. Nútímatækni getur einfaldað líf okkar og samskipti við hið opinbera til mikilla muna. Krafa samfélagsins er að hægt verði að afgreiða sig sjálfur á netinu og að samskipti geti farið fram stafrænt.

Eru stafræn samskipti of dýr fyrir sveitarfélög?

En eru stafræn samskipti of dýr fyrir sveitarfélög? Það fer eftir því hvernig á það er litið og hvaða áherslur við leggjum í stafrænni þróun.

Framtíðarsýn ríkisins er að Ísland skipi sér í allra fremstu röð í heiminum í stafrænni þjónustu og að stafræn samskipti verði megin samskiptaleið fólks og fyrirtækja við hið opinbera. Verkefnastofan Stafrænt Ísland var stofnuð til að vinna að þessu markmiði í góðu samstarfi við stofnanir og atvinnulífið.

Í útboði í byrjun árs 2020 var óskað eftir þátttöku margvíslegra teyma frá öflugum fyrirtækjum til að vinna með Stafrænu

Íslandi. Markmið útboðsins var að búa til umgjörð þar sem fært fólk sem starfar hjá flottum fyrirtækjum, sem vinna að gerð stafrænnar þjónustu, myndu vinna saman að uppbyggingu stafrænnar þjónustu hins opinbera. Rammasamningur var gerður við átján teymi, sem munu vinna að þessum málum í þremur teyllum, þ.e. sjálfsafgreiðsluteymi, vefteymi og vefþjónustuteymi. Með því að fara þessa leið er hægt að vinna hratt að aukinni sjálfvirknivæðingu hins opinbera, endurnýta hönnun, forritun, verkferla, vinnubrögð, tengingar og gögn. Ríkið hefur ákveðið að öll þjónusta ríkisins verði aðgengilega á einum stað, á vefnum Island.is.

Þessi framtíðarsýn er glæsileg en verður þó aldrei náð ef sveitarfélögin verða ekki með í vegferðinni því nær öll nær þjónusta landsmanna er á vegum sveitarfélaganna. Þjónustuferli flestra málaflokka sveitarfélaga eru tengd ríkinu og upplýsinga og gagnamiðlun á sér stað milli ríkis og sveitarfélaga.

Sameinast þarf um stefnu fyrir hið opinbera eins og Norðmenn og fleiri nágrannaríki hafa gert. Í Noregi er nýleg stefna sem við gætum tekið okkur til fyrirmyndar; „One digital public sector“ 2019-2025, þar sem mikil áhersla er á að stefnan eigi við öll stjórnsýslustigin og ávallt sé unnið út frá þörfum íbúans eða notanda þjónustunnar. Sveitarfélögin hafa frá því að Tölvuþjónusta sveitarfélaga var lögð niður í kringum aldamótin unnið að stafrænni framþróun hvert í sínu horni en það gengur einfaldlega ekki lengur. Sveitarfélögin geta ekki hvert fyrir sig staðið undir uppbyggingu á þeirri stafrænu þjónustu sem íbúar gera kröfu um.

Hraði tækniþróunar er nú í veldisvexti og við spyrjum okkur hvernig eigum við að halda í við þá þróun sem er í gangi. Það er ekki auðvelt því tækniþróunin kallar á gríðarlega miklar breytingar í verkferlum, vinnubrögðum, menningu og hæfni en það er algjörlega nauðsynlegt að íbúum bjóðist þjónusta í takti við það sem almennt gerist á einkageiranum og í samanburðarlöndum og að við séum að vinna á skilvirkan hátt. Sveitarfélögin geta ekki setið eftir.

Ávinningur þess að endurhanna ferla og þjónustu birtist oft ekki strax. En þegar sá kostnaður sem lagður var í umbreytingarnar hefur skilað sér er ávinningurinn oft mjög mikill og til lengri tíma. Mikilvægt er að sveitarfélög skoði vel ferla og þjónustu sem snertir marga einstaklinga og hvaða ferlar krefjast þess að talað er við mörg kerfi, t.d. grunnskrár ríkisins og innri kerfi. Mikilvægt er einnig að sveitarfélög styrki tæknilega innviði sína því alkunna er að ekki er skynsamlegt að byggja hús á sandi.

Ríkin í kringum okkur hafa farið þá leið að sveitarfélög vinna meira saman að stafrænni umbreytingu, deila milli sín þekkingu, efni og jafnvel kóða í forritun sem getur nýst öðrum „open source“. Sveitarfélögin vinna þá sameiginlega að endurhönnun ferla og þjónustu og nýta sér sameiginlega þekkingu við kaup, samningagerð og við útboð á hugbúnaði.

Staðan hjá íslenskum sveitarfélögum er sú að fæst sveitarfélög hafa reynslu af verklagi og sér þróun á hugbúnaði til að koma notendavænni lausn í loftið eða reynslu af hugbúnaðarkaupum. Mikið hagræði er fólgið í samvinnu í stafrænni



Sveitarfélög geta ekki hvert fyrir sig staðið undir uppbyggingu á þeirri stafrænu þjónustu sem íbúar gera kröfu um.

þróun. Sérstaklega þegar litið er til þess hraða sem er í tækniþróun í dag og kröfu um hæfni og tækniþekkingu mannafla sveitarfélaga og fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Samvinna og heildstæð nálgun er í raun forsenda þess að sveitarfélögin geti orðið stafræn hratt og vel.

Samvinna gæti verið fólgin í því að samhæfa tæknistöðir sveitarfélaga og að fara sameiginlega í þróun grunn þjónustuferla sveitarfélaga í takti og samvinnu við ríkið. Sveitarfélögin hafi miðlægan vettvang til að deila þekkingu og reynslu sinni af framleiðslu nýskapandi þjónustulausna og reynslu af kaupum, útboðum eða áskriftum af stafrænum lausnum. Byggi upp þekkingargrunn og viðmið til að styðjast við í stafrænni vegferð sinni er snýr að verklagi, skipulagi, hönnun, gögnum og gagnageymslu, persónuvernd og öryggi.

Ljóst er að Covid-19 faraldurinn hefur haft og mun hafa áhrif á fjármál sveitarfélaga og það er því enn frekar ástæða til öflugs samstarfs sveitarfélaga þegar kemur að því að halda í við tæknina.

Þjónusta við sveitarfélög og stofnanir

Starfsmenn Enor hafa áralanga reynslu af fjölbreyttum verkefnum fyrir sveitarfélög og stofnanir þeirra. Við leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð, skjóta og góða þjónustu og höfum á að skipa traustu starfsfólki með mikla starfs- og verkefnareynslu.

Endurskoðun – Reikningsskil – Skattaráðgjöf – Önnur ráðgjöf



Akureyri | Húsavík | Reykjavík | 430 1800 | enor@enor.is | www.enor.is

Samstarf sveitarfélaga á Íslandi – byggðasamlög

Ragnar Ágúst Róbertsson
hagfræðinemi við
Háskóla Íslands skrifar um
byggðasamlög og umfang
samstarfs sveitarfélaga á
Íslandi



Ragnar Ágúst Róbertsson
hagfræðinemi við HÍ og starfsmaður hjá RR-
ráðgjöf sumarið 2020.

Markmið samantektarinnar var að fá yfirsýn yfir umfang samstarfs sveitarfélaga á Íslandi. Aðgengi að gögnum um samstarf sveitarfélaga er ekki gott, þar sem enginn opinber aðili ber ábyrgð á að safna þeim upplýsingum kerfisbundið og á miðlægan hátt. Samstarf sveitarfélaga er með ýmsum hætti, svo sem í formi þjónustusamninga, byggðasamlaga og svokallaðra leiðandi sveitarfélaga þar sem eitt sveitarfélag tekur að sér að veita þjónustu í umboði annarra, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga. Þá eru starfandi ýmis hagsmunasamtök sveitarfélaga, svo sem Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök og samtök um einstök hagsmunamál.

Til að afmarka verkefnið var ákveðið að skoða byggðasamlög sérstaklega. Byggðasamlög eru félög í eigu sveitarfélaga sem stofnuð eru á grundvelli 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Byggðasamlög geta tekið að sér framkvæmd afmarkaðra verkefna sveitarfélaga, svo sem rekstur skóla eða brunavarna. Félögunum ber að setja sér stofnsamþykktir og skila ársreikningnum. Því var talið að aðgengi að þeim upplýsingum væri gott og samræmi í framsetningu ársreikninga gerði samanburð mögulegan. Í heildina eru 127 samningar á milli sveitarfélaga í landinu sem fela í sér valdframsal, samkvæmt upplýsingum frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

RR- ráðgjöf hafði samband við öll landshlutasamtök sveitarfélaga og falaðist eftir ársreikningnum byggðasamlaga á þeirra starfssvæði fyrir árin 2018 og 2019. Aðeins Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu safna skipulega ársreikningum byggðasamlaga á sínu starfssvæði. Því var nauðsynlegt að leita til sveitarfélaganna sjálfra um að fá aðgengi að gögnunum.


Fjöldi og verkefni byggðasamlaga

Verkefnið var unnið í samstarfi við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

sem hefur safnað upplýsingum um samstarf sveitarfélaga þar sem framsal á valdi til töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna hefur farið fram. Samkvæmt gögnum ráðuneytisins eru 38 starfandi byggðasamlög á Íslandi og eru 65 sveitarfélög aðilar að þeim. Vert er að taka fram að undir Héraðsnefnd Árnesinga bs. heyrna 6 undirstofnanir sem hljóta fjárveitingar í gegnum héraðsnefndina, en þó fá þessar stofnanir líka bein fjárframlög frá aðildarsveitarfélögunum. Ákveðið var að hafa þær stofnanir með í greiningunni. Fjöldi aðila í greiningunni er því 43. Eitt byggðasamlag, Byggðasamlag Snæfellinga bs. hefur enga starfsemi og skilar ekki ársreikningi. Brunavarnir Dala, Reykhóla og Strandabyggðar bs. var stofnað árið 2019 og fellur því utan tímaramma greiningarinnar, þar sem aðeins er stuðist við gögn úr ársreikningum fyrir árið 2018. Þegar greiningin fór fram áttu sjö byggðasamlög eftir að skila ársreikningi vegna ársins 2019.

Fjárhagur byggðasamlaga

Ákveðið var að kanna umfang samstarfsins með því að greina rekstrargjöld og rekstrartekjur byggðasamlaganna. Þá var ákveðið að skoða launakostnað og fjölda



Mynd 1: Byggðasamlög eftir landshlutum 2018.

stöðugilda sérstaklega þar sem hann veitir vísbendingar um hvort byggðasamlagið fer með rekstur þjónustu, fer með eignarhald eða er milliliður við að veita fjármagni til annarra aðila sem veita þjónustu. Þá var stefnt að því að greina sérstaklega kostnað við stjórn og framkvæmdastjórn til að meta umfang stjórnunar. Því miður er framsetning upplýsinga í ársreikningum ekki samræmd og því ekki fyrirbyggjandi fyllilega samanburðarhæfar upplýsingar um stjórnunarkostnað eða fjölda stöðugilda. Þær gefa þó ákveðnar vísbendingar.

Stjórnunarkostnaður þeirra byggðasamlaga sem sundurliða þann kostnað sérstaklega var um 1.600 mkr. á árinu 2018, en 34 aðilar greina þann kostnað sérstaklega. Mikilvægt er þó að hafa í huga að gögnin eru ónákvæm þannig að misjafnt er eftir ársreikningum hvort tilgreindur sé allur skrifstofu- og stjórnunarkostnaður eða aðeins laun stjórnarinnar eða hvorugt. Einnig er hætt á tvítalningu þar sem sum félaganna sundurliða bæði skrifstofu- og stjórnunarkostnað og laun stjórnar, en ekki er augljóst hvort laun stjórnar séu talinn með í heildar stjórnunarkostnaðinum. Sé miðað við meðalstjórnunarkostnað þeirra sem sundurliða þann kostnað sérstaklega, má áætla að stjórnunarkostnaður byggðasamlaga sé nærri 7% af rekstrartekjum. Til samanburðar má nefna að útgjöld sveitarfélaga til

sameiginlegs kostnaðar í málaflokki 21, er tæplega 7% af rekstrartekjum A-hluta. Stjórnunarkostnaðurinn er mjög breytilegur og því óvarlegt að alhæfa út frá meðaltalinu yfir á einstök byggðasamlög, en samantektin gefur vísbendingar um að stjórnunarkostnaður byggðasamlaga í landinu geti verið á bilinu 1.500-1.700 mkr. á ári.

Misjafnt er eftir ársreikningum hvort gefin er upp stöðugildafjöldi eða ársverk yfir árið. Heildarfjöldi stöðugilda og ársverka þeirra 25 aðila sem tilgreina þær upplýsingar í ársreikningi var 809 árið 2018, þar af voru 545 á höfuðborgarsvæðinu eða 67% af heildarfjölda. Af þeim sökum er landsbyggðin greind sérstaklega

án höfuðborgarsvæðis í myndrænni uppsetningu.


Á mynd 2 sést að langflest stöðugildi og ársverk byggðasamlaganna á landsbyggðinni eru á Suðurlandi.

Rekstur byggðasamlaga er mjög umfangsmikill. Heildar rekstrartekjur byggðasamlaganna allra eru rúmlega 23,5 milljarðar og heildar rekstrargjöld þeirra eru rúmlega 22 milljarðar. Þó ber að taka fram að stærstur hluti þessa fjár kemur í gegnum byggðasamlögin á höfuðborgarsvæðinu. Byggðasamlögin þrjú á höfuðborgarsvæðinu, Strætó bs., Sorpa bs. og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, taka til sín 66% af heildar rekstrartekjum byggðasamlaga á landinu.


Heildar rekstrartekjur byggðasamlaganna eru 5,5% af heildartekjum sveitarfélaganna í landinu.

Heildar rekstrartekjur byggðasamlaga á landsbyggðinni eru rúmlega 8 milljarðar og heildar rekstrargjöld eru tæplega 7,5 milljarðar (sjá mynd 3 á næstu síðu).

Sem fyrr segir heyrna sex undirstofnanir undir Héraðsnefnd Árnesinga bs. sem hljóta fjárveitingar í gegnum héraðsnefndina, en þó fá þessar stofnanir líka bein fjárframlög frá aðildarsveitarfélögunum. Heildarrekstrartekjur þessa byggðasamlags og undirstofnanna þess eru tæplega 790 m. kr.



Mynd 2: Fjöldi stöðugilda/ársverka.



Mynd 3: Heildarrekstrartekjur- og gjöld byggðasamlaða utan höfuðborgarsvæðis 2018.

Að sama skapi er launakostnaður byggðasamlaða á landsbyggðinni mestur á Suðurlandi. Það er þó áhugavert að í átta byggðasamlögum er launakostnaður á bilinu 0-4 milljónir á ári, sem gefur vísbendingar um að þar starfi enginn starfsmaður í fullu starfi. Þessi byggðasamlög sjá flest um eignarhald eða eru milliliðir við að veita fjármagni til annarra aðila sem veita þjónustu.


Af þessum myndum getum við séð að af þeim byggðasamlögum sem starfa á landsbyggðinni þá eru þau flest á Suðurlandi, rekstrartekjur- og gjöld eru hæst á Suðurlandi sem og launakostnaður.

Það er ekki augljóst af hverju þetta leiðir, á Suðurlandi er svipaður íbúafjöldi og á Norðurlandi eystra, sem og svipaður fjöldi sveitarfélaga. Það virðist því vera meiri hefð fyrir samstarfi í forni byggðasamlags á Suðurlandi en á öðrum svæðum.

Landshlutar	Íbúafjöldi 2018
Austurland	10.485
Höfuðborgarsvæði	222.484
Norðurland eystra	30.453
Norðurland vestra	7.195
Suðurland	28.812
Suðurnes	25.770
Vestfirðir	6.994
Vesturland	16.257
Samtals	348.450

Samantekt og ábendingar

Greiningin gefur ákveðnar vísbendingar um umfang og mikilvægi samstarfs sveitarfélaga á Íslandi, sem vert væri að skoða nánar. Rekstur byggðasamlaða er um 5,5% af heildartekjum sveitarfélaganna í landinu, en auk byggðasamlaða eru um 90 aðrir samningar um samstarf. Þessi greining gefur því aðeins innsýn í hluta af heildarmynd samstarfs sveitarfélaga á Íslandi.



Mynd 4: Launakostnaður byggðasamlaða utan höfuðborgarsvæðis 2018.

Skortur er á aðgengi og upplýsingaflæði til almennings varðandi byggðasamlög, sem þó er töluvert betra en að öðrum samstarfsformum. Nauðsynlegt er að bæta gagnsæi og upplýsingaflæði svo íbúar og kjörnir fulltrúar séu meðvitaðri um það samstarf sem sveitarfélög þeirra eiga í, sem og umfang samstarfsins. Þá geti allir aðilar séð réttari mynd af stöðu síns sveitarfélags og athafnað sig eftir því.

Bæta aðgengi að ársreikningum byggðasamlaða.

Nauðsynlegt er að ársreikningar byggðasamlaða séu gerðir aðgengilegri almenningi t.d. með því að gera mögulegt að nálgast þá á heimasíðum byggðasamlaðanna, aðildarsveitarfélaga eða á miðlægu vefsvæði. Svo sem hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Samræmd framsetning gagna í ársreikningi.

Að sama skapi er mikilvægt að framsetning gagna ársreikninga sé samræmd svo hægt sé að bera byggðasamlög betur saman. Að því leyti væri gott ef allir ársreikningar byggðasamlaðanna sundurliði skrifstofu- og stjórnunarkostnað og laun stjórnar og framkvæmdastjórnar, einnig að þeir taki fram hvort laun stjórnar séu talin með sem hluti af stjórnunarkostnaði til að koma í veg fyrir tvítalningu.

Í ársreikningum komi fram stöðugildi eða ársverk.

Æskilegt er að öll byggðasamlög taki saman stöðugildi í árslok og/eða ársverk, sem og starfsmannafjölda í lok árs svo hægt sé að öðlast betri skilning á því hvort einhver starfsemi eigi sér stað í byggðasamlaginu eða hvort hlutverk félagsins sé að sinna eignarhaldi eða veita fjármagni til annarra stofnana eða verkefna.

Í ársreikningum komi fram eignarhlutur sveitarfélaga.

Æskilegt væri ef allir ársreikningar tækju fram eignarhlut hvers aðildarsveitarfélags í ársreikningi til þess að auka betur skilning íbúanna á stöðu sveitarfélags þeirra innan byggðasamlagsins.

Mögulega væri hægt að skerpa á því að um gerð ársreikninga byggðasamlaða gilda sömu reglur og viðmið og um ársreikninga sveitarfélaga.



SKOÐAÐU
ÚRVALIÐ Á
BODLEID.IS

YEALINK MYNDFUNDARBÚNAÐUR HAFÐU FUNDINN Í FULLUM GÆÐUM

Yealink er traustur og öflugur fjarfundabúnaður fyrir allar stærðir fundarherbergja með miklum hljóðgæðum og mynd með frábærri skerpu svo allir fundarmenn fá að njóta sín – hvar í heiminum sem þeir eru



PANTAÐU FUND OG SJÁÐU
HVAD ÞÚ GETUR SPARAÐ

Vil vera samverkamaður fólksins

Þegar maður tekur að sér að vera sveitarstjóri í litlu sveitarfélagi er það verkefni sem er bæði skemmtilegt en einnig flókið.

Eins og flestir vita eru sömu reglur og skyldur lagðar á lítil og stór sveitarfélög. Lítil sveitarfélög hafa kannski ekki bolmagn til að vera með mikla yfirbyggingu og þú ert í rauninni allt og öll verkefni koma inn á borð hjá þér, hvaða nafni sem þau nefnast. Stundum getur nándin valdið erfiðleikum, stundum þarf að taka óvinsælar ákvarðanir og allt orkar tvímælis þá gert er.

En mér hefur samt borið gæfa til þess að fá að leiða sveitarfélag nú í sex ár og reynt að horfa til framtíðar með stefnumótun þess. Má þar nefna meðal annars að allt sveitarfélagið hefur verið ljósleiðaravætt og fóru um 360 km af ljósleiðara í jörðu vegna þess verkefnis. Áfangastöðum í ferðaþjónustu hefur verið forgangsraðað og sumir eru nú þegar í uppbyggingu.

Við sem búum á landsbyggðinni getum svolítið sjálfum okkur um kennt hvernig komið er fyrir okkur. Við þurfum að hætta að bíða eftir hvað hið opinbera ætlar að gera fyrir okkur. Við þurfum við að leita uppi lítil og meðalstór fyrirtæki til að fá þau til að flytja starfsemi sína á svæðið.

Við sem búum út á landi þurfum að taka ábyrgð á því hvernig við tölum um nær umhverfi okkar, við þurfum að tala landsbyggðina upp en ekki niður.



Við þurfum að hætta að bíða eftir því hvað hið opinbera ætlar að gera fyrir okkur. Við þurfum að leita uppi lítil og meðalstór fyrirtæki og fá þau til að flytja starfsemi sína á svæðið.”



Einar Kristján Jónsson
sveitarstjóri Húnavatnshrepps.

Eitt sem maður er fljótur að læra þegar flutt er í landbúnaðarhérað er að breytingar gerast hægt og það borgar sig að vera samverkamaður fólksins sem býr í sama samfélagi og þú sjálfur. Þannig næst bestur árangur í sátt við íbúa sveitarfélagsins.

Framtíð sveitarfélaga

Rekstur sveitarfélaganna er nokkuð keimlíkur enda lögbundin skylda þeirra nákvæmlega sú sama óháð stærð eða fjöldi íbúa. Hins vegar er mismunandi hvernig sveitarfélög sinna lögboðnum skyldum sínum sem Alþingi setur þeim eða annarri þjónustu sem er ekki lögbundin. Sýn sveitarfélaga og leiðtoga þeirra er æði misjöfn og áherslur þeirra ólíkar.

Það verður æ erfiðara að reka lítil sveitarfélög með fjölgun verkefna og með auknum kröfum íbúanna um aukna þjónustu. Þá er gott að leiða hugann að því hvort það sé mikilvægt að sveitarfélög, og þá sérstaklega lítil sveitarfélög, sameinist öðrum sveitarfélögum og verði þá hagkvæmari í rekstri og veiti um leið öflugri þjónustu til íbúa sinna.

Framtíð lítilla sveitarfélaga hvar sem er á landinu er björt ef bæði kjörnir fulltrúar og kjósendur eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum, sérstaklega ef stjórnvöld á Íslandi gera framtíðaráætlun um byggðapróun á Íslandi.

Síðasta orðið

Sveitarstjórnarfolk hefur síðasta orðið um lífið og tilveruna í sveitarfélaginu og í sveitarstjórn.



„Það er göfugt starf að vera stjórnmalamaður“

Það er ekki oft sem manni hlotnast sá heiður að eiga síðasta orðið og því var það ekki erfitt að segja já við þeirri beiðni að eiga síðasta orðið í þessu tölublaði Sveitarstjórnarmála.

Að starfa sem stjórnmalamaður hvort heldur sem er á löggjafarþinginu eða á vettvangi sveitarstjórnar er afar gefandi og skemmtilegt en á sama tíma krefjandi og oft erfitt. Ekki síst vegna þess mikla vanþakklætis sem stjórnmalamaður og konur upplifa í starfi sínu einhverra hluta vegna, eflaust margar skýringar á því og sitt sýnist hverjum. Ég held samt að við getum öll verið sammála um að það er göfugt starf að vera stjórnmalamaður, einfaldlega vegna þess að það krefst þess að sá sem stundar það vinni að heill og hamingju þjóðar sinnar, hafi ætíð hugtakið almannaheill að leiðarljósi og hafi við allar ákvarðanir hagsmuni almennings sem viðmið.



Páll Valur Björnsson
bæjarfulltrúi í Grindavíkurbæ.

Við sem störfum í stjórnmalum eigum að halda í heiðri þær dyggðir og þau gildi sem sameina fólk frekar en sundra því, t.d. virðingu, heiðarleika, auðmýkt og ekki síst umburðarlyndi. Það felst meðal annars í því að hafa skilning á viðhorfum og þeirri ólíku sýn sem við höfum á hin margvíslegu verkefni sem við glímum við dagsdaglega. Sjaldan eða aldrei í sögu landsins hefur verið jafn mikilvægt að fylgja þessum gildum og dyggðum í starfi okkar kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum landsins. Hver hefði trúað því um síðustu áramót að staðan hér sem annars staðar í veröldinni yrði sú sem raun ber vitni? Eflaust ekki nokkur maður og það er í raun ótrúlegt og á sama tíma óhugnanlegt að veira sem á rætur sínar að rekja í leðurblökur austur í Kína skuli geta sett heiminn nánast í kyrrstöðu.

Þetta er engu að síður staðreynd sem við verðum að samþykkja þótt erfitt sé og nú á haustmánuðum bíður okkar sveitarstjórnarmanna ærið verkefni við fjárhagsgerð fyrir næsta ár. Ljóst er að mörg sveitarfélög ef ekki flest horfa fram á gríðarlegt tekjutap vegna hruns í starfsemi ferðaþjónustunnar sem orðin var stærsta atvinnugrein þjóðarinnar. Það er alveg ljóst að ef sveitarfélögin eiga að geta haldið út sínum lögbundnu verkefnum og óskertri þjónustu verður ríkið að standa við bakið á þeim af fullum þunga. Það er líka ljóst að sveitarstjórnarmenn verða að forgangsraða í sínum rekstri og leggja höfuðáherslu á að sinna börnum

”

Við sem störfum í stjórnmalum eigum að halda í heiðri þær dyggðir og þau gildi sem sameina fólk frekar en sundra því, t.d. virðingu, heiðarleika, auðmýkt og ekki síst umburðarlyndi.

sínum stórum og smáum ásamt þeim sem höllustum fæti standa. Á tímum sem þessum eru heilbrigðismál og félagsþjónusta lykilþættir sem verða að vera í lagi því ef ekki geta afleiðingarnar orðið geigvænlegar.

Við Íslendingar höfum oft þurft að takast á við erfiðar aðstæður og oftast en ekki höfum við leyst þau farsælega. Ég ætla lokum að leyfa mér að hvetja til þess að blásið verði til stóraukins samráðs milli ríkisstjórnar, Alþingis, sveitarfélaga, atvinnulífsins, launþegasamtaka, fjármálageirans, fræðasamfélagsins og alls konar samtaka í þjóðfélaginu um langtíamarkmið þjóðinni til handa. Það minnkar óvissu, það skapar frið og myndar traust í samfélaginu sem er svo sannarlega það sem við þurfum á að halda nú um stundir.

Með samvinnu, samheldni og ekki síst samliðun sigrumst við á þessum vanda.

Við færum þér lífsgæði með lögnum



Hitaveita



Vatnsveita



Fráveita



Raf- og gagnaveita

Lífsgæði Íslendinga grundvallast af náttúrulegum auðlindum en fáar þjóðir eiga jafn mikla möguleika á farsælli framtíð á sviði orku og umhverfsimála. Set á að baki áralangt og gott samstarf við veitufyrirtæki landsins við nýtingu og flutning gæðanna.



Framúrskarandi
fyrirtæki